



HÁSKÓLI ÍSLANDS


# TÍMARIT KENNSLUMIÐSTÖÐVAR HÁSKÓLA ÍSLANDS



Desember 2017  
6. árgangur, 1. tölublað

# Efnisyfirlit

Af gæðakennslu og góðu fólki	3	Námskeið í þverfræðilegri samvinnu við Heilbrigðisvísindasvið	20
Viðmið um gæðakennslu	4	Kennslunefnd Félagsvísindasviðs	21
Kennslunefnd Hugvísindasviðs	9	Hvernig má túlka niðurstöður kennslukönnunar um vinnuálag nemenda?	22
Kennslu- og gæðamál, stærstu hagsmunamál stúdenta	10	Kennslunefnd Verk- og náttúruvísindasviðs	24
Kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs	11	Skólastofa 21. aldarinnar	25
Kennslumálasjóður	12	Háskóli Íslands gerist aðili að edX	26
Kennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands 2017	13	Kennslunefnd Menntavísindasviðs	27
Viðurkenningar fyrir lofsvert framlag til kennslu 2016 og 2017	16	Endurgjöf í Moodle - Umfaðmaðu tæknina	28
Að fjárfesta í fólki	18	Alþjóðlegt samstarf	30



**Útgefandi:** Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Guðrún Geirsdóttir

**Ritnefnd:** Henry Alexander Henrysson, Ingvar Sigurgeirsson og Védís Grönvold

**Umsjón:** Védís Grönvold

**Umbrot:** Haraldur Örn Arnarson - Prentsmiðjan Oddi

**Prentun:** Prentsmiðjan Oddi

**Ljósmyndari:** Kristinn Ingvarsson

**Mynd á forsíðu:** Baldur Sigurðsson og Áslaug Björk Eggertsdóttir við opnun skólastofu 21. aldarinnar

**Prófarkalestur:** Bjarni Benedikt Björnsson



Frá flugtaki edX 17. nóvember 2017

# Af gæðakennslu og góðu fólki

## Ritstjórapistill

**P**að hefur verið talsvert umrót hjá okkur Kennslumiðstöðvarfólki þetta árið. Í maí urðum við að yfirgefa Aragötuna vegna raka og fengum inni í Nýja Garði. Við reiknum með að komast aftur heim til okkar fljótlega á nýju ári. Tveir af föstum starfsmönnum Kennslumiðstöðvar kvöddu okkur, í bili a.m.k., Ása Björk Stefánsdóttir flutti norður í land en Bjarndís Fjóla Jónsdóttir fór í tímabundið leyfi og kemur aftur í september 2018. Í þeirra stað komu Ásta Bryndís Schram, lektor og kennsluþróunarstjóri á HVS og Védís Grönvold, kennslufræðingur á MVS í 50% starf hvor. Þá fengum við Kristbjörgu Olsen, sem lengst af hefur verið Moodle-sérfræðingur hjá okkur, í 60% starf Bjarndísar Fjólu.

Í tengslum við útgáfu þessa tölublaðs Tímarits Kennslumiðstöðvar var skipuð ritnefnd sem tók virkan þátt í að móta blaðið. Kennslumiðstöð þakkar þeim Henry Alexander Henryssyni, adjunkt í Sagnfræði- og heimspekideild, og Ingvari Sigurgeirssyni, prófessor á Menntavísindasviði, kærlega fyrir þeirra starf, en þeir ásamt Védísi Grönvold og undirritaðri mynda ritnefndina.

Eins og þetta tímarit Kennslumiðstöðar ber með sér er nóg um að vera á sviði kennslumála við Háskóla Íslands. Segja má að þema þessa heftis sé gæðakennsla. Í október heimsótti dr. Denise Chalmers Háskóla Íslands til að kynna og fjalla um viðmiðunarramma um gæðakennslu. Kennslumiðstöð hefur lengi kallað eftir umræðu um slík viðmið sem eru til þess fallin að gera gæðakennslu sýnilegri, auka líkur á að hún sé metin að verðleikum og styðja við góða kennsluhætti. Viðmið um gæðakennslu falla vel að metnaðarfullri stefnu Háskóla Íslands, HÍ21.

Gæðakennsla er síður en svo einskorðuð við viðmiðunarramma. Hún hvílir m.a. á herðum kennara sem vilja leggja alúð í verk sín eins og honum Benjamín Ragnari Sveinbjörnssyni, nýráðnum lektor við Raunvísindadeild. Hann deilir með lesendum kennslusýn sinni sem rímar ágætlega við sýn þeirra kennara sem hlutu viðurkenningu fyrir framlag sitt til kennslu 2016 og 2017. Kennsluþróun og nýsköpun eru svo enn einn angur gæðakennslu og fréttir frá kennslunefndum fræðasviða gefa ágæta innsýn í það metnaðarfulla starf sem unnið er á fræðasviðum. Sá áhugi og metnaður endurspeglast einnig í umsóknum í Kennslumálasjóð sem hafa aldrei verið fleiri en í ár. Undir þann sama hatt fellur Kennsluþróunaráðstefna Háskóla Íslands sem haldin var 13. október og sýndi að við háskóla í landinu eru kennarar að sinna kennsluþróun og reyna áhugaverðar leiðir í kennslu.

Í tímaritinu er að finna frásagir af ýmsum áhugaverðum kennsluþróunarverkefnum. Edda R. H. Waage gerði könnun á vinnuálagi í námskeiðinu sínu og deilir niðurstöðum sínum og ábendingum með lesendum. Þær Inga Sif Ólafsdóttir og Ólöf Guðný Geirsdóttir segja frá þverfræðilegu verkefni á Heilbrigðisvísindasviði þar sem fjallað er um mannréttindi. Menntavísindasvið var að koma sér upp sérstakri kennslustofu þar sem nemendur og kennarar geta gert tilraunir með fjölbreytta kennsluhætti sem hæfa 21. öldinni. Og talandi um þá öld, er í tímaritinu sagt frá þátttöku Háskóla Íslands í edX verkefninu, en þar er skólinn að stíga fæti inn í nýja tíma.

Það er sannarlega ástæða til að fagna liðnu ári og horfa með eftirvæntingu til þess næsta.

Lifið heil!

*Guðrún Geirsdóttir*

# Viðmið um gæðakennslu

Guðrún Geirsdóttir, dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ



Guðrún Geirsdóttir

**D**agana 9.–13. október heimsótti dr. Denise Chalmers, prófessor emeritus við Háskólann í Vestur-Ástralíu, Háskóla Íslands. Markmiðið með ferð hennar hingað var fyrst og fremst að kynna ástralskan viðmiðunarramma um gæðakennslu á háskólastigi (Australian University Teaching & Criteria & Standards, e.d.) og hvernig staðið hefur verið að innleiðingu rammans við háskóla víða um heim. Auk þess að kynna viðmiðunarrammann á opinberum fundi, hélt Denise Chalmers fundi með stjórnendum í miðlægrri stjórnsýslu og á fræðasviðum þar sem viðmiðin voru kynnt ítarlegar og rædd.

Heimsókn Chalmers kom í kjölfar kynningar á innri og ytri úttekt á matskerfi opinberu háskólanna þar sem matskerfið var m.a. gagnrýnt fyrir að gera kennslu ekki nægilega hátt undir höfði (Bull, Gelles, Sandström og Yngve, 2017). Endurskoðun vinnuamatskerfisins mun fara fram á þessu skólaári svo að nú gefst bæði tækifæri og svigrúm til að ræða um viðmið og mat á gæðum kennslu.

## Rannsóknarvirkni og gæðakennsla – togstreitan mikla

Þó flestir háskólar leggi í orði kveðnu áherslu á kennslu í gildum sínum og stefnu hafa rannsóknir sýnt að samanborið við rannsóknarstarf er kennsla mun minna metin innan háskólakerfa. Sú niðurstaða endurspeglast í því vægi (e. value) sem stofnanir leggja á ólík störf (sjá t.d. Fairweather, 2005) og eru fest enn frekar í sessi með utanaðkomandi kerfum eins og ytri rannsóknarmatskerfum og tengingu við fjármögnun

háskóla. Kröfur um gæðakennslu eru gjarnan settar fram í reglum um ráðningar og framgang innan stofnana þótt rannsakendum hafi reynst erfitt að sjá hvort og þá hvernig þeim reglum eða viðmiðum er fylgt eftir í raun (Higher Education Academy, 2009).

Á sama tíma og áhersla á rannsóknarvirkni hefur aukist, hafa kröfur um gæðakennslu við háskóla vaxið. Stækkun háskóla (e. massification), breytingar á nemendahópi svo og innleiðing upplýsingatækni gera auknar kröfur til háskólakennara um sérfræðikunnáttu á sviði kennslu (e. professionalisation) (Locke, 2014). Áhersla stjórnvalda um ábyrgð háskóla, framlegð og gæði endurspeglast m.a. í aukum kröfum um gæði kennslu (sjá t.d. Loukkola og Dakovic, 2017). Í Evrópu er Bologna-ferlið dæmi um aðgerðir sem ætlað er að hafa bein áhrif á gæði náms og kennslu í háskólum (Bologna process, e.d.). Hérlandis má nefna Gæðaráð háskólanna sem sett var á laggirnar 2011 en í handbókum þess er að finna skýra áherslu og viðmið um gæði náms og kennslu (sjá Rannís, e.d.).

Þó gæðakennsla sé sett á oddinn í stefnu háskóla skynja háskólakennarar ekki endilega þá áherslu í daglegum störfum sínum (Anna Ólafsdóttir, 2014; Young, 2006). Það á einnig við kennara við Háskóla Íslands. Eins og aðrir háskólar hefur Háskóli Íslands sett gæði kennslu á oddinn í núverandi jafnt sem fyrri stefnu sinni. Í nýlegri rýnihóparannsókn þar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að afla frekari upplýsinga um upplifun starfsmanna Háskólans á vinnutengdri streitu og álagi kom fram að viðmælendur upplifðu togstreitu á milli þess að vilja sinna kennslu af alúð en finnst um leið þeir þá vera að ganga á mögulegan tíma sinn til rannsókna. Þeir töldu skilaboð frá stjórnendum misvísandi. Annars vegar væri gæðum kennslu hampað í stefnu skólans en hins vegar væri árangur í starfi fyrst og fremst metinn út frá rannsóknarvirkni. Kennarar töldu sjaldan litið til þeirrar alúðar sem lögð væri í kennslu og stuðning við nemendur (Andrea G. Dofradóttir, 2016). Spyrja má hvort svo sé. Leggur Háskóli Íslands ekki mat á gæði kennslu?

## Mat á gæðum kennslu við Háskóla Íslands

Segja má að gæði kennslu við Háskóla Íslands séu metin formlega á ýmsan máta. Fyrst er að nefna kennslukönnun þar sem nemendur svara spurningum í námskeiðslok sem snúa að frammistöðu kennara og skipulagi kennslu. Þá veitir miðmísserismat kennurum upplýsingar um viðhorf nemenda til námskeiðs á miðju misseri (sjá Háskóli Íslands, e.d.).

Í formlegu matskerfi Háskólans er frammistaða við kennslu annars vegar hluti af Matskerfi opinberra háskóla og hins vegar hluti af ráðningar- og framgangskerfi akademískra

starfsmanna (Reglur nr. 263/2010). Þá hefur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verið falið frá 2011 að leggja fyrir árlegar kannanir um ánægju nemenda með nám sitt.

Þau verkfæri sem upp hafa verið talin hér að ofan og notuð eru til að leggja mat á gæði kennslu eru af margvíslegum toga og niðurstöður þeirra notaðar í ólíkum tilgangi. Hlutverk miðmísserískönnunar og kennslukönnunar er fyrst og fremst að veita kennurum upplýsingar um viðhorf nemenda til kennslu í einstökum námskeiðum. Verklagsreglur kennslukönnunar gera þó ráð fyrir að niðurstöður séu ræddar innan deilda og í árlegum starfsmannasamtölum (Verklagsreglur um könnun á kennslu og námskeiðum við HÍ og meðferð hennar, 2010).


Mat á kennslu innan vinnumatskerfis og framgangskerfis hefur fyrst og fremst þann tilgang að leggja mat á árlegt framlag akademískra starfsmanna til kennslu (vinnumatskerfið) svo og að leggja mat á þróun þeirra í starfi (Reglur nr. 263/2010). Vegna þeirra viðtæku áhrifa sem vinnumats- og framgangskerfi hefur á launakjör og önnur réttindi háskólakennara er rétt að gera ítarlegri grein fyrir þessum tveimur matskerfum.

## Matskerfi opinberra háskóla

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna og gera þeir grein fyrir framlagi sínu árlega. Matskerfið nær til rannsókna, kennslu og stjórnunar- og þjónustustarfa og hefur við Háskóla Íslands áhrif á launakjör akademískra starfsmanna, möguleika þeirra til rannsóknarleyfa og framgangs og umsókna í rannsóknarsjóði. Hluti matskerfis sem snýr að rannsóknum (A-hluti) er ítarlegur, settur fram í 12 yfirflokkum og 36 undirflokkum. Kennsluhluti kerfisins (B-hluti) skiptist í fjóra flokka sem eru *kennslureynsla*, *kennslurit*, *leiðbeining stúdenta og andmæli* og *nýsköpun í kennslu*. Þá fellur undir þennan flokk þátttaka í kennslutækni námskeiðum sem gefa 0-2 stig. Samkvæmt matskerfinu fá allir fastráðnir háskólakennarar 10 stig á ári fyrir kennslu óháð mati á gæðum hennar. Undir kennslurit falla annars vegar smárit/kennsluefni á vef og hins vegar kennslurit/kennslubækur sem gefa allt að 60 stig. Undir flokkinn leiðbeining stúdenta og andmæli flokkast leiðsögn kennara með meistaraverkefnum og doktorsverkefnum, seta í doktorsnefnd svo og andmæli við doktorsvörn. Mat á kennslu samkvæmt ofangreindum flokkum miðast fyrst og fremst við útkomu/fjölda af einhverju tagi og segir í sjálfu sér lítið um gæði. Líður 4 um nýsköpun í kennslu er einna opnastur en þar segir:

Unnt er að sækja um að fá metna vinnu við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluáðferða, gerð verkefnabanka og fleira. Skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat samkvæmt þessum lið (*Matskerfi opinberra háskóla*, e.d., bls. 11).

Stigagjöf í flokknum *kennsla* er takmörkuð og byggir á mælanlegri virkni/útkomu fremur en gæðum. Sjá má samanturð á stigagjöf á eftirfarandi mynd sem fengin er úr nýlegri sjálfsmatsskýrslu um matskerfið (Háskóli Íslands, 2016):



Eins og sjá má af myndinni hér að ofan gætir talsverðs ójafnvægis á milli áunninna stiga akademískra starfsmanna á sviði rannsókna og kennslu. Þá þarf jafnframt að hafa í huga að þau stig sem kennarar ávinna sér undir liðnum kennslu hafa lítil sem engin áhrif á framgang þeirra í starfi.

## Framgangur og ótímabundin ráðning

Markmið reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands nr. 263/2010 er „að hvetja akademíska starfsmenn til virkni og árangurs í starfi og auka með því gæði kennslu og rannsókna“ (1. grein). Framgangur byggir á faglegu mati á frammistöðu og árangri eins og hér segir:

Kennsla. Lagt er mat á kennsluferilskrá umsækjanda, svo sem kennslureynsla, nýsköpun í kennslu, kennsluhætti og þróun kennsluefnis. Við framgang í starf dósents er gerð krafa um reynsla af leiðbeiningu á meistarastigi (6. gr.).

Þegar um er að ræða umsókn um starf prófessors skal leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi til viðbótar almennu reglunni:

Kennsla. Umsækjandi skal hafa sýnt fram á hæfni, frumleika og nýbreytni í kennslustörfum sínum og getið sér gott orð sem kennari. Þá skal sérstaklega líta til þess hvort umsækjandi hafi umtalsverða reynsla af leiðbeiningu nemenda í meistarastigi- og doktorsnámi, meðal annars sem aðalleiðbeinandi.

Við umsókn um ótímabundna ráðningu er gerð krafa um að umsækjendur hafi lokið „stuttu námskeiði í kennsluáðferðum og -tækni við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands eða hafa hlotið hliðstæða þjálfun á öðrum viðurkenndum vettvangi“ Að auki horfa matsnefndir til niðurstaðna kennslukannana (Reglur nr. 263/2010).

## Hvað er verið að meta?

Eins og sjá má af ofangreindu eru gæði kennslu við Háskóla Íslands metin innan margvíslegra matskerfa. Sum



#### Dr. Denise Chalmers

Þeirra, eins og kennslukönnun og viðhorfakönnun Félagsvísindastofnunar, hafa verið þróuð um árabíl og/eða byggja á erlendum fyrirmyndum. Önnur kerfi, eins og vinnuáætlingakerfi og framgangkerfi, virðast hins vegar byggja á mun óljósari hugmyndum um gæðakennslu og þróun kennara í starfi.

Við höfum sem sagt margvísleg verkfæri til að leggja mat á gæði kennslu en engin samræmd viðmið um hvað einkennir gæðakennslu og hvers konar hæfni háskólakennarar þurfa að búa yfir til að geta sinnt slíkri kennslu með sóma. Skortur á slíkum viðmiðum gerir það að verkum að það er bæði erfitt að leggja mat á framlag kennara til kennslu og starfsþróunar svo og að skipuleggja stuðning vegna kennsluþróunar.

#### Er kannski ekki hægt leggja mat á gæði kennslu?

Það er lífseig mýta að ekki sé hægt að meta kennslu að verðleikum segir Ramsden (2010) og bendir á að það sé heldur ekki einfalt mál að leggja mat á gæði rannsókna. Með aukinni áherslu á gæði kennslu hafa bæði stjórnvöld og háskólar víða um heim þó leitað leiða til að setja fram viðmið um gæðakennslu. Slík viðmið eru þá gjarnan liður í gæðakerfi háskóla, notuð til að móta stuðning við kennara, sem leiðarhnoða við starfsþróun og einnig til að leggja mat á árangur þeirra í starfi, t.d. við fastráðningar og framgang.

Dæmi um viðmið um kennsluhæfni sem sett eru á landsvísu eru bresku viðmiðin um gæði í kennslu (UK Professional Standards Framework, UKPSF) sem sett voru fram árið 2011. Þar er horft til þriggja meginþátta, þ.e. athafna (skipulagningu náms og/eða námsleiða), grunnþekkingar (þekkingar á fræðigreini, leiðum til að miðla þekkingu, þekkingu á því hvernig nemendur læra, gildi og notkun upplýsingatækni í námi, aðferðum til að meta gæði kennslu og skilning á áhrifum gæðamáts á kennslustörf) og faglegra viðhorfa (virðingu fyrir nemendum og fjölbreyttum námshópum, að stuðla að þátttöku nemenda og jöfnum tækifærum nemenda til náms, að nýta gagnreyndar aðferðir, rannsóknarniðurstöður og símenntun, að skilja háskólakennslu í víðu samhengi og áhrifum þess samhengis á kennsluhætti). Auk þessara viðmiða er að finna fjórar lýsingar (e. descriptors) á kröfum til kennsluhæfni svo og dæmi um hvernig sýna megi fram á þá hæfni – sem taka mið af framgangskerfi breskra háskóla (Higher Education Academy, 2011).

Á Norðurlöndum hafa viðmið um gæðakennslu lengi verið í móttun og eru þau forsenda námskeiða fyrir háskólakennara sem flestir háskólar ætla sínum kennurum að taka sem stuðning fyrir kennslustarfið. Í Svíþjóð komu háskólar sér saman um forsendur að baki slíkum gæðaviðmiðum þó að hver og einn háskóli fari sínar leiðir við útfærslu þeirra. Þær forsendur eru að viðmið um gæðakennslu séu skýr, að kennarar geti sýnt fram á þá hæfni, hún sé metin af fagmennsku og fyrir hana sé umbunad (Ryegård, Apelgren og Olsson, 2010). Í nýlegri skýrslu frá Svíþjóð, *Kartläggning av pedagogiska meriteringsmodeller vid Sveriges högskolor och universitet* (Winka, 2017), kemur fram að um helmingur sænskra háskóla hefur á síðustu árum skipulagt framgangskerfi sem taka mið af hæfni kennara í kennslu. Slík framgangskerfi hafa ýmist verið sett upp sérstaklega við hlið hefðbundinna matskerfa eða að fyrirbyggjandi matskerfi hafa verið endurskoðuð þannig að tekið sé tillit til kennslustarfa innan þeirra.

Í Noregi er aukin áhersla lögð á að styðja við gæðamenningu í kennslu af hálfu norska Menntamálaráðuneytisins og í janúar 2017 birtist sérstök skýrsla um það efni, *Kultur for kvalitet i høyere utdanning*. Þar kemur meðal annars fram að ríkisstjórnin geri kröfu um að allar æðri menntastofnanir skuli koma á fót viðurkenningarkerfum sem hvetji til þess að þróun gæðakennslu sé metin að verðleikum. Í kjölfar þessarar kröfu hafa nokkrir háskólar riðið á vaðið og leitað leiða til að koma á fót slíkum kerfum. Sem dæmi um slík kerfi má nefna nýstofnaða kennsluakademíu (Pedagogical Academy) við Háskólann í Bergen (sjá Universitas Bergensis, 2017).

#### Ástralski viðmiðunarramminn um gæðakennslu

Áströlsk stjórnvöld hafa lengi látið sig gæði náms og kennslu í háskólum varða og stutt við kennsluþróun með verðlaunum, viðurkenningum og styrkveitingum (Chalmers, Lee og Walker, 2008). Verkefninu Australian University Teaching Criteria and Standards (AUTCAS) var ýtt úr vör

á vegum The Office of Learning and Teaching í september 2012. Markmið verkefnisins var að skapa verkfæri sem gæti kennslu sýnilegri og ýtt undir slíka kennslu í háskólastarfi. Viðmiðunarrámmann geta háskólar nýtt sér til að skilgreina almenn viðmið um gæðakennslu og til að draga fram framlag kennara til kennslu í vinnumat. Jafnframt er rámminn nýttur í framgangskerfum háskóla sem vilja horfa til kennsluþróunar jafnt sem rannsóknarvirkni þegar lagt er mat á framlag kennara og jafnvel til að gefa kennurum kost á að sækja um framgang á forsendum kennsluhæfni sinnar og framlags til gæðakennslu.

Verkefnið var tvíþætt. Fyrri áfangi þess sneri að því að búa til viðmiðunarramma sem studdur væri viðurkenndum rannsóknarniðurstöðum, tæki mið af kennslustefnu og aðferðum í Ástralíu og völdum erlendum háskólum. Rámminn byggir á sjö viðmiðum um gæðakennslu og voru þau valin eftir vðamiklar greiningar á rannsóknum í kennslufræði auk þess sem tekið var mið af fimm matsviðmiðum sem notuð hafa verið af áströlskum stjórnvöldum til að verðlauna kennara (The Awards for Australian University Teaching) og hafa jafnframt verið innleidd í fjölmarga ástralska háskóla.

Viðmiðin sjö eru eftirfarandi:

1. *Skipulagning náms.* Það viðmið nær til hæfni kennara til að undirbúa og skipuleggja námsverkefni nemenda og námsefni fyrir einstök námskeið eða námsleiðir svo og að taka þátt í eða leiða námskrárgerð og námskrárþróun.
2. *Kennsla og stuðningur við nám nemenda.* Hér er vísað til hæfni kennara til að kenna á árangursríkan hátt við hvaða kennsluáðstæður sem er (fyrirlestur, fjarkennsla, vinnustofur, rannsóknastofur), hvort heldur í grunnnámi eða framhaldsnámi og sem leiðbeinandi í rannsóknum nemenda.
3. *Námsmat og endurgjöf* til nemenda vísar til hæfni kennara til að skipuleggja og stýra námsmati sem fellur vel að hæfniviðmiðum og að geta veitt viðeigandi endurgjöf innan tilskilinna tímamarka.
4. *Þróa árangursríkt námsumhverfi, styðja nemendur og leiðbeina þeim.* Hér er vísað til hæfni kennara til að skapa nemendum lærdómsumhverfi sem hvetur þá til virkrar þátttöku, þ.m.t. að styðja við nám nemenda, námshópa og leiðir í anda jafnréttis og fjölmenningar.
5. *Samhæfing fagmennsku og rannsókna í kennslu til að styðja við nám.* Hér er vísað til hæfni kennara til að sinna kennslu af fagmennsku og nýta rannsóknir um nám og kennslu í eigin kennslu.
6. *Mat á gæðum kennslu og frekari starfsþróun.* Þetta viðmið vísar til áhuga kennara og þátttöku í kennsluþróun. Þar undir fellur t.d. þátttaka í kennslufræðinámskeiðum svo og leiðtogahæfni sem snýr t.d. að því að vera mentor fyrir aðra eða leiða breytingastarf.
7. *Fagleg og persónuleg áhrif.* Þetta viðmið vísar í raun til fagmennsku yfirleitt.

Verkefni seinni áfanga var að kynna rámmann, láta á hann reyna í völdum háskólum og nýta þá reynslu til frekari þróunar. Í þessum áfanga var vefsíða verkefnisins einnig smíðuð (Australian University Teaching & Criteria & Standards, e.d.). Rámminn var skoðaður og metinn innan 23 ástralskra háskóla.

Þegar verkefninu lauk formlega í febrúar 2014 var ákveðið að halda áfram og bæta við þriðja áfanga. Markmið þess áfanga var að aðstoða háskóla við að þróa og innleiða rámmann og viðmiðin innan sinna stofnana og aðlaga þau að ríkjandi hefðum og leiðum. Þessum markmiðum var náð með vinnustofum fyrir fulltrúa 24 háskóla svo og með því að safna upplýsingum og gögnum um innleiðingarferlið. Þær niðurstöður hafa verið birtar jafnóðum á vef verkefnisins.

AUTCAS-matskerfið hefur hlotið góðar viðtökur í Ástralíu, verið tekið upp og staðfært við 20 þarlenda háskóla og forsvarsmaður þess, Denise Chalmers, hlaut nýlega National Senior Teaching Fellowship OLT til að þróa matskerfið áfram og skoða fýsileika þess að taka það upp á landsvísu.

Kostir AUTCAS-matskerfisins eru þessir:

1. Viðmiðunarrámminn byggir á viðurkenndum rannsóknum og fræðum um hvað einkennir gæðakennslu.
2. Rámminn er vel útfærður og honum lýst á vef verkefnisins. Þar eru m.a. gefin upp fjölmörg dæmi um hvernig sýna má fram á gæði í kennslu og hvernig leggja má mat á slík gæði.
3. Viðmiðunarrámminn er mjög sveigjanlegur, gert er ráð fyrir að ólíkir háskólar og stofnanir breyti honum og aðlagi að stofnanalegum áherslum og innri kerfum og ferlum sem þegar eru til staðar.
4. Innan viðmiðunarrámmans er að finna stíganda þar sem bæði er gert ráð fyrir aukinni kennsluhæfni háskólakennara eftir því sem fram vindur í starfsferli þeirra og að sú hæfni verði æ meira í formi leiðtogafærni, þ.e. að reyndir háskólakennarar gegni leiðtogahlutverki í kennsluþróun innan síns umhverfis.
5. Viðmiðunarrámmann má nýta á margvíslegan máta innan háskólastofnana. Hann má t.d. nota til að móta almenn viðmið háskóla um gæði kennslu og hæfni háskólakennara en jafnframt sem leið til að gera kennslu hærra undir höfði í hefðbundnu framgangskerfi.

## Næstu skref við Háskóla Íslands

Hér að framan hefur verið rætt um mikilvægi þess að Háskóli Íslands setji sér viðmið um gæðakennslu sem speglar í öllum þeim verkfærum sem nýtt eru til að leggja mat á framlag kennara og veita þeim framgang í starfi. Í nýlegu hefti tímaritsins *Teaching in Higher Education* er sjónum beint að alheimsáherslu á gæðakennslu í háskólum og hæfni kennara til að sinna slíkri kennslu. Greinahöfundar benda á tengsl umræðunnar við nýfrjálshyggju og vara við hættu á að



#### Frá fundi Dr. Denise Chalmers um viðmið um gæði kennslu

gæðakennsla sé skilgreind einhæft og á forsendum markaðs-  
hyggju fremur en að hún falli að því hlutverki háskóla að vera  
vagga menntunar og menningar og breytingarafi í samfélag-  
inu (Gourlay og Stevenson, 2017). Slík gagnrýni hlýtur þó að  
eiga við um öll kerfi sem sett eru upp til að stýra störfum og  
áherslum og minnir okkur á mikilvægi þess að vanda til verka.  
Með þá gagnrýni í huga er núna staður og stund til að staldra  
við og huga að eftirfarandi verkefnum innan Háskóla Íslands:

- Kalla eftir umræðu innan Háskóla Íslands um hvað við  
teljum að einkenni gæðakennslu, hvers konar hæfni há-  
skólakennarar þurfa að tileinka sér til að geta sinnt slíkri  
kennslu og hvers konar stuðning þeir þurfa við þá tileinkun.
- Halda mikilvægi kennslu á lofti í endurskoðun mats-  
kerfis opinberu háskólanna og tryggja að það mat gefi  
ólíkum starfsþáttum háskólakennara sanngjarnt vægi.
- Hugsa að endurskoðun reglna um framgang og ótíma-  
bundna ráðningu þannig að þær endurspegli betur starfs-  
þróun háskólakennara í kennslu.
- Leggja heildstætt mat á hvort og þá hversu vel þau mats-  
kerfi sem við nýtum í gæðastarfi skólans eru til þess fallin  
að leggja mat á og veita umbun fyrir gæðakennslu.

Háskóli Íslands er metnaðarfullur háskóli sem leggur áherslu  
á gæðakennslu í orði jafnt sem á borði. Það er vissulega  
áskorun að leggja gagnrýnið mat á þau verkfæri sem notuð  
hafa verið til að meta og umbuna fyrir gæðakennslu í ljósi  
þeirrar gagnrýni sem þau sömu verkfæri hafa hlotið. Slíkt mat  
mun þó án nokkurs vafa efla umræðu um kennslu og þann  
sess sem háskólasamfélagið telur gæðakennslu eiga að skipa.

#### Heimildir

- Andrea G. Dofradóttir. (2016). „...það eru svo margir blutir af þessu  
sem eru ekki að ganga upp...“. *Rýnihóparannsókn um álag og streitu  
meðal starfsfólks Háskóla Íslands*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun  
Háskóla Íslands.
- Anna Ólafsdóttir. (2014). *Academics' conceptions of „good university  
teaching“ and perceived institutional and external effects on its imple-  
mentation* (óbirt doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Australian University Teaching & Criteria & Standards. (e.d.). Sótt af  
<http://uniteachingcriteria.edu.au/>
- Bologna process. (e.d.). European Higher Education Area and Bo-  
logna process. Sótt af <http://www.ehea.info/>
- Bull, T., Gelles, R. J., Sandström, U. og Yngve, A. (2017). *The External  
Review of the Evaluation System for Public Higher Education  
Institutions in Iceland*. Reykjavík: Gæðaráð íslenskra háskóla.
- Chalmers, D., Lee, K. og Walker, B. (2008). *International and national  
quality teaching and learning performance models currently in use*.  
Sótt af <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.455.9666&rep=rep1&type=pdf>
- Fairweather, J. (2005). Beyond the rhetoric: trends in the relative  
value of teaching and research in faculty salaries. *The Journal of  
Higher Education*, 76(4), 401-422.
- Gourlay, L. og Stevenson, J. (2017). Teaching excellence in higher  
education: critical perspectives. *Teaching in Higher Education*,  
22(4), 391-395.
- Háskóli Íslands. (e.d.). Rafrænar kennslukannanir HÍ. Sótt af <https://kennslumidstod.hi.is/rafrænar-kennslukannanir-hi/>
- Háskóli Íslands. (2016). *Evaluation System for Public Higher Education  
Institutions, Description and Self-Review*. Reykjavík: Höfundur.



- Higher Education Academy. (2009). *Reward and recognition in higher education. Institutional policies and their implementation*. Sótt af [https://www.heacademy.ac.uk/sites/default/files/RewardandRecognition\\_2\\_2.pdf](https://www.heacademy.ac.uk/sites/default/files/RewardandRecognition_2_2.pdf)
- Higher Education Academy. (2011). *The UK Professional Standards Framework for teaching and supporting learning in higher education*. Sótt af [https://www.heacademy.ac.uk/system/files/downloads/uk\\_professional\\_standards\\_framework.pdf](https://www.heacademy.ac.uk/system/files/downloads/uk_professional_standards_framework.pdf)
- Locke, W. (2014). *Shifting academic careers : implications for enhancing professionalism in teaching and supporting learning*. Sótt af [http://eprints.ioe.ac.uk/21237/1/shifting\\_academic\\_careers\\_FINAL.pdf](http://eprints.ioe.ac.uk/21237/1/shifting_academic_careers_FINAL.pdf)
- Loukkola, T. og Dakovic, G. (ritstjórar) (2017). *EUA's Learning and Teaching Initiative – Report from the thematic peer groups in 2017*. Sótt af <http://www.eua.be/Libraries/publications-homepage-list/eua-s-learning-and-teaching-initiative---report-from-the-thematic-peer-groups-in-2017>
- Matskerfi opinberra háskóla. (e.d.). Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log\\_og\\_reglur/matskerfi\\_opinberra\\_haskola\\_des\\_2013.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log_og_reglur/matskerfi_opinberra_haskola_des_2013.pdf)
- Ramsden, P. (2010). How to improve university teaching. Sótt af <https://paulramsdend48.wordpress.com/2010/08/12>
- Rannís. (e.d.). Gæðaráð íslenskra háskóla / Quality Enhancement Framework. Sótt af <https://www.rannis.is/starfsemi/gaedarad/>
- Reglur nr. 263/2010 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.
- Ryegård, Å., Apelgren, K. og Olsson, T. (2010). A Swedish perspective on pedagogical competence. Uppsalar: Uppsala Universitet.
- Universitas Bergensis. (2017). Fremragende underviser – Excellent Teaching Practitioner. Sótt af [https://wiki.uib.no/matnat/index.php/Fremragende\\_underviser\\_-\\_Excellent\\_Teaching\\_Practitioner](https://wiki.uib.no/matnat/index.php/Fremragende_underviser_-_Excellent_Teaching_Practitioner)
- Verklagsreglur um könnun á kennslu og námskeiðum við HÍ og meðferð hennar. (2010). Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur\\_um\\_kennslukonnun\\_080410.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur_um_kennslukonnun_080410.pdf)
- Winka, K. (2017). Kartlaggning av pedagogiska meriteringsmodeller við Sveriges högskolor och universitet. Gautaborg: Pedagogisk utveckling och interactive lärande (PIL), Göteborgs Universitet.
- Young, P. (2006). Out of balance: lecturers' perception of differential status and rewards in relation to teaching and research. *Teaching in Higher Education*, 11(2), 191-202.

## Kennslunefnd Hugvísindasviðs

Rannveig Sverrisdóttir, lektor við Íslensku- og menningardeild og fráfaramaður kennslunefndar Hugvísindasviðs.



**Rannveig Sverrisdóttir**

### Jafnrétti og metnaður í kennsluþróun

Kennslunefnd Hugvísindasviðs háskólaárið 2016–2017 var skipuð Ásdísi Guðmundsdóttur kennslustjóra Hugvísindasviðs, Ástu Ingibjartsdóttur, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Sólveigu Önnu Bóasdóttur (haust) og Rúnari Má Þorsteinssyni (vor), Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Eydís Blöndal fulltrúa nemenda, Rannveigu Sverrisdóttur, Íslensku- og menningardeild og Steinunni Kristjánsdóttur, Sagnfræði- og heimspekideild sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Á haustmíssi gegndi Rannveig Sverrisdóttir formennsku í nefndinni og Orri Vésteinsson var fulltrúi Sagnfræði- og heimspekideildar í stað Steinunnar sem var í rannsóknarleyfi.

Kennslunefndin kom saman mánaðarlega að venju. Á haustmíssi var umræðan um breytingu á inntökuskilyrðum í skólann fyrirferðarmikil og boðaði nefndin til sín alla deildarforseta sviðsins til að fjalla um þau mál.

Rabfundir sviðsins um kennslu hafa nú fest sig í sessi og voru fimm fundir haldnir yfir veturinn. Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt í íslensku sem öðru máli, reið á vaðið í september með umfjöllum um fjölbreytta kennsluhætti og sagði frá notkun Icelandic Online í kennslu í námsgreininni. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í Íslensku, leiddi fund um vendikennslu og lýsti notkun sinni á talglærum og krossaprófum á vefnum í kennslu. Eiríkur hlaut einmitt viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu við Háskóla Íslands árið 2016. Á síðasti fundi haustmíssi var Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri Hugvísindasviðs og forstöðumaður Hugvísindastofnunar, frummælandi og sagði frá notkun Socratic í kennslu sinni. Tveir rabfundir voru haldnir á vormíssi, annars vegar sagði Matthew Whelpton, prófessor í enskum málvísindum, frá notkun Moodle-prófa en Matthew hefur lengi nýtt sér möguleika Moodle í kennslu sinni. Hins vegar kom Erla Hulda Halldórsdóttir, lektor í sagnfræði, á fund og beindi sjónum að jafnrétti í kennslu og fór yfir jafnréttisgátlista fyrir kennara með fundarmönnum. Sem fyrr var fjölbreytileiki mikill á rabfundunum sem sýnir hve kennsla er margbreytilegt svið. Umræður á fundum voru liflegar og gagnlegar þátttakendum.

Jafnrétti í kennslu varð svo fyrir valinu sem þema menntabúða Hugvísindasviðs í apríl en umræðan á rabfundi um efnið sýndi svo ekki var um villst hversu stórt og mikilvægt þetta efni er og ástæða til að ræða út frá hinum ýmsu sjónarhornum. Menntabúðirnar voru skipulagðar í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ og ætlaðar fyrir alla kennara á Hugvísindasviði. Kennarar af sviðinu leiddu umræðu í hópum í samstarfi við starfsfólk Kennslumiðstöðvarinnar og ræddu kennarar um áskoranir og lausnir þegar kemur að jafnrétti í kennslu, um jafnréttisgátlista fyrir kennslu og fleira. Menntabúðirnar voru liður í því að vinna að metnaðarfullri kennsluþróun á Hugvísindasviði í samræmi við áherslur í gildandi stefnu Háskóla Íslands.

# Kennslu- og gæðamál, stærstu hagsmunamál stúdenta

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands og fulltrúi stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs



Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

(Mynd PMUT)

Það eru að sjálfsgögðu óteljandi atriði tengd kennslu sem mætti taka fyrir í pistli sem þessum; upptökur á kennslustundum, að kennarar fari yfir kennslukannanir með nemendum, ofuráhersla á fyrirlestraform og lengi mætti áfram telja. Í þessum pistli ætla ég þó að fjalla um kennslu- og gæðamál. Að mínu mati eru kennslumál stærsta hagsmunamál stúdenta, að öðrum ólöstuðum, þar sem kennslumál snerta alla stúdenta með einum eða öðrum hætti. Flestir stúdentar skrá sig í háskóla til að læra og gera þá lágmarkskröfu að kennslumál í æðstu menntastofnunum landsins séu í lagi.

Mín upplifun er sú að stúdentar séu að jafnaði ekki meðvitaðir um gæðamál eða matskerfi. Fyrir meginþorra stúdenta snýst háskólanám um að læra, með því að mæta í tíma og/ eða læra heima og að þreyta próf. Það verður seint sagt að stúdentar hafi ekki áhuga á því hvernig kennsla fer fram, hverjir séu góðir kennarar og hvers vegna kennarar eru góðir (eða ekki) í því sem þeir gera. Stúdentar ræða þessi mál sín á milli en hafa lítið í höndunum til að komast að einhverri niðurstöðu á öðrum forsendum en „mér finnst“.

Það er e.t.v. eðlilegt að stúdentar séu ekki meðvitaðir um gæðamál og matskerfi, því matskerfi HÍ nær ekki utan um kennslumál, a.m.k. ekki með þeim hætti að stúdentar viti til hvers er ætlast af kennurum þeirra. Stúdentar vita að próffessor á að hafa rannsað meira en stundakennari, en á próffessor endilega að vera betri kennari? Ber próffessorum einhver fagleg skylda til að vera góðir kennarar? Hvernig yrði slíkt metið? Hverjir eru hvatarnir fyrir kennara að standa sig vel í þeim hluta starfsins sem snertir stúdenta mest, þ.e. kennslu?

Föstudaginn 13. október síðastliðinn mætti ég á kennsluþróunarráðstefnu HÍ með Denise Chalmers, sérfræðingi í gæðamálum kennslu, ásamt aragrúa af starfsfólki HÍ. Þrátt fyrir að dagsetning ráðstefnunnar hafi ekki boðað gott reyndist ráðstefnan gífurlega áhugaverð og gagnleg.

Á ráðstefnunni (og hinum ýmsu fyrirlestrum í sömu viku) var fjallað um hvernig innleiða mætti gæðakerfi með það að markmiði að meta kennslu á sama hátt og rannsóknir. Þannig yrði til hlutlægur, eða í það minnsta áþreifanlegur, mælikvarði við að meta kennslu. Slíkt kerfi yrði að mínum dómi gífurlegt framfaraspor.



Það eru margir kostir við matskerfi á við það sem Denise Chalmers kynnti. Í fyrsta lagi ber að nefna að kennarar geta þannig fengið framgang í starfi með því að standa sig vel í kennslu. Þar með myndast beinn hvati fyrir kennara til að standa sig vel í kennslu. Stúdentar hafa oft gagnrýnt að það borgi sig ekki fyrir kennara að leggja áherslu á kennsluþáttinn þar sem akademískir starfsmenn fá beinlínis pening fyrir að rannsaka ásamt möguleika á framgangi í starfi. Áhersla á kennslu sé því á vissan hátt sjálfbodastarf. Kennarar þurfi bara að skila sínum tímum í kennslu og geti svo snúið sér að því mikilvæga – rannsóknum. Kerfi Chalmers leiðréttir þessa skekkju, ef svo má taka til orða, að vissu marki. Yfirmenn hafa þannig skýr viðmið um hvað akademískir starfsmenn þurfa að gera í kennslumálum til að fá framgang í starfi og starfsmennirnir hafa hvata til að standa sig vel. Stúdentar njóta þess að kennarar leggja sig meira fram við kennslu. Allir vinna!

Í öðru lagi geta stúdentar vitað til hvers er ætlast af kennurum þeirra. Hin hliðin á sama peningi er að sjálfögðu að

kennarar vita til hvers er ætlast af þeim. Stúdentar geta þannig bent á ef kennsla er ekki í samræmi við gæðaviðmið og hrósað þeim kennurum sem gera meira en þörf er á.

Í þriðja lagi tel ég að kerfi sem þetta leysi úr ýmsum öðrum vandamálum sem snúa að kennslumálum. Með því að hvetja kennara til að standa sig vel held ég að framþróun í kennslu verði mun hraðari en ella. Ef kennarar sjá beinan ávinning af því að standa sig vel er líklegt að þeir prófi sig áfram, t.d. með vendikennslu, betri yfirferð á kennslukönnunum o.s.frv.

Að lokum vil ég þakka því fjölmarga starfsfólki HÍ sem spurði mig spurninganna „hvað finnst stúdentum um þetta?“ eða „hvernig finnst stúdentum best að gera þetta?“. Slíkar spurningar eru alltaf til góðs og það mætti vera meira af þeim, bæði innan kennslustofunnar og utan. Þær auka traust á milli starfsfólks HÍ og stúdenta og auka hugmyndaflæði á milli þessara hópa. Öll vinna á ráðstefnunni og í vikunni var til fyrirmyndar og ég vona að vinnan verði nýtt vel.

## Kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs

Heiður Reynisdóttir, kennslustjóri Heilbrigðisvísindasviðs.



Heiður Reynisdóttir

### Göngum í takt

Kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs (HVS) er skipuð akademískum fulltrúum frá öllum deildum sviðsins og hefur nefndin fundað að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi um stefnu, þróun, eftirlit og skipulag kennslumála sviðsins. Formaður nefndarinnar er fulltrúi í kennslumálanefnd Háskóla Íslands. Kennsluþróunarstjóri sviðsins, sem vinnur í góðu samstarfi við Kennslumiðstöð, á einnig sæti í nefndinni og stuðlar þannig að umbótum á kennsluháttum í viðum skilningi.

Nefndin var skipuð eftirtöldum fulltrúum skólaárið 2016–2017: Formaður nefndar var Björn Guðbjörnsson frá Læknadeild en með honum störfuðu Karl Örn Karlsson frá Tannlæknadeild (á haustmíssi), Peter Holbrook frá sömu deild (á vormíssi), Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir frá Hjúkrunarfræðideild, Ólöf Guðný Geirsdóttir frá Matvæla- og næringarfræðideild, Lárus St. Guðmundsson frá Lyfjafræðideild, Guðmundur Bjarni Arnelsson frá Sálfræðideild og

Ágúst Ingi Guðmundsson sem fulltrúi nemenda. Áheyrnarfulltrúar námsbrauta í Læknadeild voru þær Martha Ásdís Hjálmarsdóttir frá Námsbraut í lífeindafræði og Sólveig Ása Árnadóttir frá Námsbraut í sjúkraþjálfun. Starfsmenn nefndarinnar voru þær Ásta Bryndís Schram lektor og kennsluþróunarstjóri og Heiður Reynisdóttir kennslustjóri.

### Nám og kennsla

Á haustdögum 2016 samþykkti þing Heilbrigðisvísindasviðs nýja stefnu og aðgerðaráætlun fyrir árin 2016–2021 í takt við stefnu Háskóla Íslands, HÍ21. Kennslumálanefnd sviðsins sá um vinnu við kaflann um nám og kennslu í mikilli og góðri samvinnu við vinnuhóp um stefnumótun HVS og starfsmenn sviðs. Starfsmönnum sviðs og nemendum gafst kostur á að forgangsraða aðgerðum í öllum málaflokkunum fjórum, sem stefnan byggir á, og var afurðin svo kynnt og samþykkt á haustþingi.

Árlegur kennsluþróunardagur Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn í september með dyggri aðstoð Kennslumiðstöðvar og nemenda, sem meðal annars ræddu um ágæti kennslukannana og framkvæmd þeirra. Auk þess voru kynntar ýmsar skýjalausnir sem nýtast í kennslu. Gaman hefur verið að fylgjast með og heyra af aukinni notkun bæði Padlet, Titanpad og jafnvel okkar ástsæla Pinterest.

Tveimur mánuðum síðar var svo haldinn árlegur Kennsludagur sviðsins en sá dagur er tileinkaður uppskeru kennara og nemenda og erindin þar bæði fróðleg og skemmtileg enda kennslu lokið og jólin rétt handan við hornið.

Erlent samstarf Aurora-netsins og edX hefur jafnframt verið mikið til umræðu á fundum nefndarinnar og hafa fulltrúar okkar verið virkir þátttakendur í Aurora-samstarfinu. Hvað edX varðar biðum við spennit eftir auknum tækifærum á þeim vettvangi. Með nýrri stefnu sviðs og háskólans göngum við í takt inn í nýtt skólaár.

# Kennslumálasjóður

## Úthlutanir skólaárið 2016–2017

Í apríl 2017 var úthlutað úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands. Sjóðnum er ætlað að stuðla að nýmælum í kennsluháttum og endurbótum á kennslu við skólann. Kennslumálanefnd myndar stjórn sjóðsins og sér um úthlutanir. Skólaárið 2016–2017 var ákveðið að styrkja 27 verkefni um rúmar 35 m. kr. en alls bárust 64 umsóknir. Eftirtalin verkefni voru styrkt:

Umsækjandi	Verkefni	Veitt
Aðalheiður Jóhannsdóttir	Handbók um lögfræðirannsóknir og lausn raunhæfra álitaefna	1.600.000
Allyson Macdonald	SESI Sustainability education and student initiative	1.000.000
Anton Karl Ingason	Vendikennsla og hópamiðað nám í félagsmálfræði	1.000.000
Ásta Bryndís Schram	Hver er afstaða kennara HVS gagnvart fjölbreytni í kennsluháttum og hvers konar stuðningur er nauðsynlegur til að auka innleiðingu þeirra?	1.000.000
Benedikt Steinar Magnússon	Notkun upplýsingatækni í stærðfræðinámi	3.500.000
Björn Þór Vilhjálmsson	Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvik-myndafræði	1.000.000
Brynja Halldórsdóttir	Samfella, markmið, áherslur og skipulag í leiðsögn á B.A.-lokaverkefnum í Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs HÍ	500.000
Brynja Ingadóttir	Þróun nýrra kennsluhátta í námskeiði fyrir hjúkrunarnema um heilbrigðisfræðslu, öryggi og samskipti	1.000.000
Daði Kristófersson, Hilmar Janusson, Margrét Sigurðardóttir, Anna Jónsdóttir, Magnús Torfason	Brotthvarf-Tengslanetakönnun	3.200.000
Elsa Eiríksdóttir	Framtíðarskipulag í menntun iðngreinakennara: Rýni frá vettvangi	470.000
Guðni Elísson	Miðlun loftslagsvandans	800.000
Guðrún Guðsteinsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir	Fræðaskrif á ensku: Einstaklingsmiðuð námskeið á framhaldsstigi	2.500.000
Guðrún Theodórsdóttir	Kennslumyndband fyrir lengra komna nemendur með íslensku sem annað mál	1.000.000
Gunnar Óskarsson	Jafningjamat á grunni Belbin	1.000.000
Hanna Óladóttir	Íslenskt einkunna- og athugasemdakerfi í Turnitin	1.000.000
Helga Bragadóttir	Innleiðing blandaðs F-náms – fjölbreyttra kennsluhátta – í hjúkrunarfræði	2.500.000
Hróbjartur Árnason	Þróun fjarnáms við Menntavísindasvið HÍ: Háskólakennsla á 21. öld	4.000.000
Hrund Þórarins Ingudóttir	Vinnulag í háskólanámi	500.000
Isabel Catalán Barrio	The sheep micro-MOOC: a pilot project for developing a Massive Open Online Course (MOOC) at the University of Iceland	995.000
Rajesh Rupakhety	Annual seismic design competition: Innovation in teaching of structural engineering courses	1.000.000
Sigríður Jónsdóttir	Stoðmyndbönd fyrir verklegar æfingar í efnafræði	1.000.000
Sigrún Harðardóttir	Reynsla nemenda sem eiga við námsvanda að stríða af námi í Háskóla Íslands	700.000
Sigurjón Baldur Hafsteinsson	Aukin gæði í fjarnámi	800.000
Silja Bára Ómarsdóttir	Verkfærakista leiðbeinandans: Bestu venjur á Félagsvísindasviði	1.200.000
Sólveig Jakobsdóttir	Netið okkar: Námskeið II um stafræna borgaravitund	500.000
Steinunn Kristjánsdóttir	Radarjarðsjá - stutt námskeið fyrir kennara	400.000
Thamar Melanie Heijstra	Preventing drop-out through online and in-class group cohesion	980.000

# Kennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands 2017

Elva Björg Einarsdóttir verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ



Elva Björg Einarsdóttir

**K**ennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands var haldin föstudaginn 13. október 2017. Ráðstefnan var á vegum kennsluviðs Háskóla Íslands og var henni ætlað að skapa vettvang þar sem þátttakendur deildu reynslu, rannsóknum og kennsluþróunarverkefnum á sviði náms og kennslu á háskólastigi.

Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar við Háskóla Íslands, setti ráðstefnuna. Aðalfyrirlesari var dr. Denise Chalmers, prófessor emeritus við háskólann í Vestur-Ástralíu í Perth. Denise Chalmers hefur verið áhrifamikil á sviði kennsluþróunar í háskólum og hlaut m.a. OLT National Senior Teaching Fellowship árið 2015 fyrir störf sín við gerð viðmiða um gæðakennslu, The Australian Teaching Criteria and Standards Framework, sem Guðrún Geirsdóttir fjallar um í grein sinni „Viðmið um gæðakennslu“ hér í blaðinu. Denise Chalmers var komin til að ræða gæðaviðmið í kennslu, hversu mikilvægt það væri að háskólar settu sér slík viðmið til að geta gert kennslu eins hátt undir höfði og rannsóknum og til að byggja upp gæðastarf í kennslu. Hún sagði jafnframt að innleiðing slíkra gæðaviðmiða tæki tíma en ef við hæfumst strax handa gæti slíkur gæðarammi verið kominn að fullu í gagnid eftir fimm ár.

Auk Denise Chalmers fluttu erindi Guðrún Geirsdóttir, dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands, og Edda R. H. Waage, lektor í

land- og ferðamálafræði í Líf- og umhverfsvísindadeild, Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Í erindi sínu nýtti Guðrún sér hugmyndafræði eiginlegra rannsókna, lífsfljótaaðferðina (e. Rivers of life), til að skoða þróun Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands frá stofnun hennar árið 2000 til dagsins í dag. Lífsfljótaaðferðin nýtist vel við að skoða breytingar og hvað hefur valdið þeim. Guðrún bað ráðstefnugesti að taka þátt í hugarflæði og hugsa sér að þær breytingar sem Denise Chalmers talaði fyrir í opunarerindi ráðstefnunnar væru gengnar í garð, 10 ár fram í tímann, hvernig háskóli blasti við fólk þá? Ráðstefnugestir skráðu á gula miða og skiluðu á vegg í hádegishléi. Guðrún benti á að áhrif Kennslumiðstöðvar til kennsluþróunar við skólann hefðu þó ekki litið út eins og breitt og bugðótt fljót sem rynni straumþungt fram, heldur fremur sem jökulsá á sandi sem hríslaðist víða en væri hverful og erfitt að byggja brýr yfir. Helstu bugðurnar á ánni voru við stórvíðburði eins og útgáfu fréttablaðs, síðar tímarits

## Nemendaverkefni í samstarfi við atvinnulíf - sýn frá báðum sjónarhornum

Í erindinu Nemendaverkefni í samstarfi við atvinnulíf – sýn frá báðum sjónarhornum kynnti Kristinn Andersen, prófessor og deildarforseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar HÍ, kosti þess að hafa annars vegar unnið í fyrirtæki sem háskólanemendur vinna verkefni hjá í námi sínu og hins vegar að vera kennari sem sendir nemendur út í atvinnulífið að vinna að raunverkefnum. Þessi sýn hefur ótvíræða kosti að mati Kristins og gagnast bæði fyrirtækjum og skóla þar sem kennarinn veit hvernig það er að vera hinum megin við borðið þegar hann sendir nemendur á vettvang. Hvatar fyrir fyrirtæki og skóla að slíku samstarfi eru mismunandi en báðir njóta góðs af, nemendur geta unnið raunveruleg verkefni tengd atvinnulífi og atvinnulífið prófar nýjar leiðir við lausn verkefna og kynnist hugsanlegum framtíðarstarfsmönnum. Gagnkvæmur skilningur ríkir á milli fyrirtækja og skóla, skólinn veit til hvers hann getur ætlast af fyrirtækjum og gætir þess að stilla aukavinnu fyrirtækja vegna nemenda í hóf. Oft er hér um hagnýt atriði að ræða, s.s. að lýsing samstarfsverkefnisins sé hnitmiðuð og mótuð af skóla. Kristinn segir það skipta töluverðu máli um hvernig til tekst hver nálgunin er í samstarfinu og oft sé samstarf sem sprettur úr grasróttinni og er á ábyrgð þeirra sem starfa að því árangursríkara en það sem kemur frá yfirstjórn og lítill hvati er fyrir hjá þeim sem taka við verkefninu.



### Ráðstefnugestir virða fyrir sér metnaðarfullar hugmyndir um kennslu við Háskóla Íslands að áratug liðnum (Mynd EBE)

(2014) og samvinnu við fræðasvið með tilkomu kennslu- nefnda fræðasviða 2008, námskeið í háskólakennslufræði 2010, ráðningu akademísks starfsmanns við miðstöðina 2011, tengsl við Nordic-Baltic Network 2012, vinnu vegna gæðamats 2012-2016, samtök um kennsluþróun 2015 og þátttöku í stefnumótun Háskóla Íslands 2015. Ytri þættir sem hafa haft áhrif á þróun miðstöðvarinnar eru ekki hvað síst stefna Háskólans þar sem kennsla verður æ meira áberandi eftir því sem árin líða og er nú fyrst og fremst í stefnu HÍ21. Erlendir straumar líkt og viðhorf til kennsluþróunar og gæðamenning í kennslu sem háskólasamfélagið á Íslandi hefur verið hluti af hafa einnig áhrif.

Það var gaman að sjá hvaða hugmyndir ráðstefnugestir höfðu um kennslu við Háskóla Íslands að 10 árum liðnum. Þar kom m.a. fram rík áhersla á að kennsla og rannsóknir væru metnar að jöfnu: „Innan deilda er fjölbreyttur hópur akademískra starfsmanna. Sumir leggja meiri rækt við kennslu og aðrir við rannsóknir og það er jöfnuður á milli þeirra.“ Kennarar fá stuðning: „Kennarar mæta í árlegt starfsmannasamtal sem snýst um stöðu kennarans m.t.t. gæðaviðmiða og hvaða stuðning þeir þurfa eða fá í því ljósi.“ Talað er meira um kennslu og jafningjarýni kennara er almenn: „Deiling kennsluþekkingar á milli kennara, s.s. með menntabúðum.“ „Starfstengd sjálfsrýni kennara [er] normið – stöðug rýni í eigið starf [sem þá miðar að] úrbótum og þróun.“ „Unnið [er] markvisst að því að meta góða kennslu með fjölbreyttari aðferðum en nú er gert.“ Grunnþekking í kennslufræði skili sér inn í mat á starfi kennara: „Að þátttaka í kennsluþróunar- námskeiðum sé metin til stiga í auknum mæli [til að] stuðla að aukinni endurmenntun [og] þróun kennara“ og grunnþekkingar kennara í kennslufræði er krafist: „allir kennarar hafi lært miðlun og kennslufræði“. Einnig fá „kennarar sem

eru sérfræðingar á vettvangi (stundakennarar) greitt fyrir þátttöku í starfi sem lýtur að kennsluþróun.“ „Meiri áhersla [er] á samstarf við erlendar háskóladeildir eða námsbrautir varðandi kennslu.“ Þá eru nemendurnir virkir og ábyrgir fyrir námi sínu og skoðanir þeirra skipta máli. „Tölvutækni [er nýtt] í meira mæli“ og „tæki og töl einfalda kennslu og styðja við hana (en flækja ekki málin).“ „Kennsla tekur mið af

#### **Hvað á leiðbeinandi að gera fyrir nemanda sem vinnur að doktorsritgerð?**

Yfirskriftin á erindi Atla V. Harðarsonar, dósents á MVS, var: Hvað á leiðbeinandi að gera fyrir nemanda sem vinnur að doktorsritgerð? Erindið er þarft innlegg í þessa umræðu og lýsir þeim aðstæðum sem nýr doktorsleiðbeinandi stendur frammi fyrir þegar hann hefur leiðsagnarferil sinn. Atli stóð í þessum sporum fyrir nokkru og ákvað að ráðfæra sig við kollega sína á Hug- og Menntavísindasviði og gera rannsókn úr því í síðasta námskeiðinu í diplómanámsleið í háskólakennslufræði, KEN004F – Kennsluþróun og starfendarannsóknir. Niðurstaða Atla er sú að leiðbeinandi doktorsnema þurfi að bera ábyrgð á leiðsagnarferlinu með því að funda reglulega með nemanda. Hann þarf að hjálpa til við skrif án þess að skrifa fyrir nemendur, vera nógu vel heima í efninu til að geta metið rök og umfjöllun og síðast en ekki síst að fara vel með tímann. Hér er ekki um það að ræða að sigrast á óvissunni um hvernig leiðsögn eigi að fara fram því að engin doktorsleiðsögn er eins, þær eru eins mismunandi og þær eru margar, – heldur er um það að ræða að lifa í betri sátt við óvissuna. Rammi um ferlið hjálpar bæði leiðbeinanda og doktorsnema að ljúka verkinu.

## Leiðsögn í námi: Samfélag nemenda og kennara við Hjúkrunarfræðideild

Brynja Örlygsdóttir, dósent í Hjúkrunarfræðideild HÍ, kynnti verkefnið Leiðsögn í námi: Samfélag nemenda og kennara við Hjúkrunarfræðideild, sem hún og Þórdís Kristín Þorsteinsdóttir, lektor við sömu deild, hafa haft umsjón með innleiðingu á frá vormisseri 2016, auk Arnheiðar Sigurðardóttur verkefnastjóra og Þóru Jennýjar Gunnarsdóttur dósents og kennslustjóra. Verkefnið er styrkt af Kennslumálasjóði HÍ og hefur fengið stuðning Kennslumiðstöðvar HÍ við útfærslu. Upphaflega er það byggt á umsónakennaraverkefni í Stjórnámalfræðideild og námsbraut í þjóðfræði á Félagsvísindasviði HÍ, en fræðin sýna að því betur sem nemendum finnst þeir eiga „heima“ í faginu þeim mun minni líkur eru á því að þeir hætti. Verkefninu er ætlað að sporna gegn brottfalli við Hjúkrunarfræðideild, auka ánægju nemenda í námi og efla samfélag nemenda og kennara. Húsnæðismál og skipulag námsins hafa skapað fjarlægð milli nemenda og kennara í Hjúkrunarfræðideild. Þessu þarf sérstaklega að vinna gegn og því var farið í að skapa vettvang til að kynnast og deila reynslu af námi og kennslu, fá endurgjöf og ráðgjöf. Verkefnið er þannig upp byggt að nýnemar fá úthlutað umsónarkennara og eru 12 nemendur í hverjum hóp sem ætlað er að haldi í gegnum námið. Fjöldi hópa sem kennarar hafa umsjón með fer eftir starfshlutfalli. Verkefnið er í þróun og einhverjir hnökror voru á fyrstu útfærslu. Eftir að ferlið er betur skipulagt, fundir tengdir innangansnámskeiði og settir í stundaskrá, þannig að nemendur og kennarar fái umbun fyrir að mæta, gengur það vel og ánægja er með það. Brynja segir að þó megi enn bæta og halda þurfi vel utan um nemendur eftir fyrsta árið.

vinnubrögðum ungs fólks“, tengist „atvinnulífínu og daglegu lífi“ og „þjónar þörfum samfélagsins.“ „Klínísk kennsla [hefur fengið] viðeigandi sess.“ „Skýrari áhersla [er] um fjarnám innan HÍ, bæði stefnu og stuðning við framkvæmd.“ Námsmatið er „öðruvísi [og] tekur mið af ólíku inntaki námsgreina.“ Þá er „meiri áhersla á endurgjöf“ og gert ráð fyrir henni í vinnu kennara. Húsnæði háskólans „eflir samskipti og tengsl.“ Já, fögur framtíðarsýn hjá ráðstefnugestum og ekki seinna vænna en að bretta upp ermarnar og hefjast handa.

Síðust í pontu fyrir hádegi var Edda R. H. Waage. Hún gerði vinnuframlag nemenda og upplifun af vinnuálagi að umfjöllunarefni í erindi sínu á ráðstefnunni. Edda hefur síðastliðið ár unnið að rannsókn á vinnuálagi og vinnuframlagi nemenda í námskeiði sem hún kennir, eftir að það hafði fengið þá umsögn frá nemendum að námskeiðið væri allt of viðamikill og vinnuálag á við 12 einingar í stað þeirra 8 eininga sem það er. Þar sem Edda hafði nýtt sér útreikning á vinnuálagi samkvæmt Bologna-stöðlum við undirbúning námskeiðsins og taldi að þar væri engu ofaukið var hún forvitin um að vita hvað það væri sem ylli þessari upplifun nem-

enda. Edda segir að „þegar nemendur svara spurningum um vinnuálag í kennslukönnun endurspeglar svarið ekki einungis vinnuframlagið heldur jafnframt þá upplifun sem er fólgin í vinnuálaginu og sem stýrist þá af mörgum þáttum sem varða námsumhverfið, námsefnið og jafnvel persónulega þætti.“ Edda fjallar nánar um rannsóknina í grein sinni „Hvernig má túlka niðurstöður kennslukönnunar um vinnuálag nemenda?“ hér í blaðinu. Rannsóknina vann hún sem hluta af diplómánámi sínu í kennslufræði háskóla.

Hlaðborð kennsluþróunarerinda var eftir hádegi í átta málstofum, alls 28 erindi sem m.a. fjölluðu um námskrágerð, starfsþróun, námsreynslu nemenda, virka nemendur og ólíka nemendur. Erindin komu frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum og af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands. Það er gaman að sjá hversu mikil fjölbreytni og metnaður er í kennsluþróunarverkefnum á háskólastigi í landinu. Hér fylgja sýnishorn nokkurra erinda sem greinarhöfundur hlýddi á.

### Innleiðing nýsköpunar í textílkennslu

Ásdís Jóelsdóttir, lektor á Menntavísindasviði HÍ, hefur undanfarinn vetur unnið að þróunarverkefni í innleiðingu nýsköpunar í textílkennslu á tveimur skólastigum samtímis í samstarfi við Guðrúnu Björk Einarsdóttur, textílkennara í Garðaskóla í Garðabæ. Að verkefninu unnu kennaranemar á námskeiðinu Nýsköpun í textíl að eigin nýsköpunarverkefnum um leið og þeir leiðbeindu grunnskólanemendum í þeirra eigin verkefnum. Jafnframt voru nemar og nemendur í samstarfi og héldu sameiginlega lokasýningu. Unnið var með fjölbreyttar efnisveitur og endurnýtingu í leit að nýjum aðferðum, þörfum og útliti. Markmiðið var að brjóta niður hefðir, losa um alla tauma, gera vinnuferlið sýnilegt og afmarka tímaþætti. Þannig var lögð áhersla á verkferlið sjálft, en ekki eingöngu á útkomuna. Grunnur verkefnisins liggur einnig í því að lítið vettvangsnám er í textílkennslu í kennaranáminu við HÍ. Ásdís og Guðrún Björk stilltu kennslu sína saman þannig að kennaranemar gátu mætt í kennslustundir í Garðaskóla til að leiðbeina nemendum. Nemarnir settu upp sextán stöðvar þar sem nemendur fengu að kynnast fjölbreyttum textílaðferðum og kanna styrkleika sína. Einnig höfðu þeir umsjón með hóp- og teymisvinnu meðal nemenda til að aðstoða þá við að greina nýjar þarfir, gera tilraunir, þróa hugmyndir og velja sér viðfangsefni sem höfðu aðili til þeirra. Sýningin í lokin skipti miklu máli – og e.t.v. skipti það ekki minna máli að þar voru verkefni þátttakenda ekki flokkuð eftir því hvort um kennara- eða grunnskólanema væri að ræða. Þannig höfðu öll verk sama gildi óháð aldri. Þróunarverkefnið eflði viðsýni og skilning þátttakenda á nýsköpun og hjálpaði þeim að sjá að hugmyndir geta þróast með aðstoð annarra og að þeir geta oft gert meira saman sem hópur.

# Viðurkenningar fyrir lofsvert framlag til kennslu 2016 og 2017

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild



Eiríkur Rögnvaldsson og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Í nóvember 2016 hlaut Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði, viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu við skólann.

Hann lauk B.A.-prófi í íslensku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1979 og cand. mag.-prófi í íslensku og málvísindum frá sama skóla árið 1982. Eiríkur hefur kennt við Háskóla Íslands í 35 ár, fyrst sem stundakennari frá 1981, síðan sem lektor í íslenskri málfræði frá 1986, sem dósent frá 1988 og sem prófessor frá 1993. Á þessum tíma hefur hann kennt hátt í 90 námskeið og námskeiðshluta í íslensku og almennum málvísindum á öllum námsstigum.

Í umsögn valnefndar segir: „Eiríkur hefur alla tíð verið meðal framsæknustu kennara Háskóla Íslands og haft forystu í sinni deild og á Hugvísindasviði um þróun nýjunga í kennsluháttum. Hann var til að mynda frumkvöðull í þróun fjarkennslu í íslensku á árunum í kringum síðustu aldamót og hefur frá þeim tíma innleitt ýmsar nýjungar á Hugvísindasviði, svo sem vendikennslu, notkun vefyfyrirlestra í tímum

og símat í námskeiðum. Hann hefur verið ötull í að miðla af reynslu sinni til annarra og lagt þannig sitt af mörkum til breytinga á kennsluháttum. Í gegnum tíðina hefur Eiríkur einnig samið og þróað kennsluefni í íslenskri málfræði.

Eiríkur er afar vinsæll og vel látinn kennari. Hann hefur nær undantekningarlaust fengið mjög góða einkunn í kennslukönnunum og er þar langt yfir meðaltali bæði fræðasviðs og háskóla. Umsagnir nemenda eru líka afar lofsamlegar og hæla þeir Eiríki meðal annars fyrir brennandi áhuga, hlýlegt viðmót, fagmennsku og nýjungar í kennsluháttum.

Eiríkur hefur verið í fararbroddi í þróun máltækni á Íslandi og tekið þátt í fjölda rannsóknar- og þróunarverkefna á því sviði. Hann hefur nýtt sér þessar rannsóknir í kennslu og byggt upp nám í máltækni við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Brautryðjendastarf Eiríks í máltækni hefur mikið gildi fyrir framtíð íslensks máls og möguleika þess til að dafna í tækni-væddum heimi.“



## Fjóla Jónsdóttir, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild



### Fjóla Jónsdóttir


Í nóvember 2017 var það Fjóla Jónsdóttir, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, sem hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu við skólann. Fjóla lauk B.S.-prófi í vélaverkfræði frá University of Minnesota í Bandaríkjunum 1990, M.S.-prófi frá Brown University í Bandaríkjunum 1992 og doktorsprófi í sömu grein frá sama háskóla árið 1994.

Fjóla var ráðin dósent í vélaverkfræði við Háskóla Íslands árið 2000 og varð prófessor 2012. Hún hefur bæði kennt fjölmenn grunnnámskeið á sviði burðarþolsfræði og efnisfræði og fámennari framhaldsnámskeið, svo sem um tölvuvædda greiningu. Auk þess hefur Fjóla leiðbeint myndarlegum hópi meistara- og doktorsnema.

Í umsögn valnefndar segir: „Fjóla hefur frá fyrstu tíð lagt mikla alúð og einlægni í sína kennslu. Hún er alltaf með þeim hæstu í kennslukönnunum innan sinnar deildar. Hún nær strax persónulegu sambandi við nemendur sína sem hvetur þá til að helga sig náminu og að leggja sig fram til að verðskulda stolt kennara síns. Fjóla hefur gert sér far um að flétta rannsóknir sínar inn í þau námskeið sem hún kennir, en þær beinast meðal annars að notkun snjallefna í stoðtækjum. Fjóla hefur einnig verið ómetanleg fyrirmynd fyrir kvemmen- endur sem lagt hafa stund á nám í véla- og iðnaðarverkfræði og hefur það átt sinn þátt í að fjölga konum og þannig að rétta kynjahlutfall nemenda í þeim greinum.“

# Að fjárfesta í fólki

Viðtal við Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, nýráðinn lektor við Raunvísindadeild



Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson

(Mynd BRS)

**Á** hverju misseri hefja nýráðnir akademískir starfsmenn störf við hinar ýmsu deildir Háskóla Íslands. Fróðlegt er að heyra um sýn þeirra á starf sitt við kennslu og rannsóknir. Hér á eftir fer stutt viðtal sem Ásta Bryndís Schram, lektor og kennslupróunarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði, tók við Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, nýráðinn lektor við Raunvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

*Hvar stundaðir þú doktorsnámið og hvað gerðir þú fyrstu árin eftir að þú laukst námi?*

Ég stundaði doktorsnámið við California Institute of Technology í Pasadena í Kaliforníu. Þar var ég mjög lán-samur að fá að vinna undir leiðsögn Nóbelsverðlaunahafans dr. Robert H. Grubbs. Eftir doktorsnámið fékk ég tveggja ára stöðu sem Robbins Postdoctoral fellow við Pomona College þar sem ég vann með dr. Cynthia Selassie. Þar fékk ég tækifæri til að kenna meira og endaði með að vera þar eitt aukaár sem gestakennari.

*Hvenær hófst þú störf við Háskóla Íslands og við hvaða deild/svið kennir þú?*

Ég hóf störf við HÍ 1. júlí 2017 og kenni lífræna efnafræði við Raunvísindadeild (VoN).

*Hvað fannst þér mest spennandi við að hefja störf við HÍ?*

Ég var spenntastur fyrir að byrja að kenna við HÍ sem og að leiðbeina nemendum við rannsóknarvinnu. Þegar ég var að ljúka grunnnáminu við HÍ deildi dr. Guðmundur G. Haraldsson einhvern tímann með mér hugsuninni að sem háskólakennari, þá væri maður að fjárfesta í fólki. Mér fannst það frábært viðhorf til starfsins og sérstaklega þegar kemur að rannsóknarnemendum sem maður nær oft að vinna meira maður á mann.

*Hvers vegna fórst þú út í kennslu?*

Þegar ég var unglingur hóf ég að starfa í sumarþúðum og öðru æskulýðsstarfi hjá KFUM & KFUK og hafði mjög gaman af starfinu þar. Ég hef jafnframt alltaf haft gaman af því að læra og leysa þrautir. Mér fannst kennslan bjóða upp á tækifæri til að blanda saman broti af því besta úr þessum áhugamálum mínum og deila því sem ég hef lært með öðrum, sem og gleðinni sem að er að finna í þekkingarleitinni.

*Hver er þín kennslusýn eða hvað finnst þér mikilvægt í kennslunni, hverju viltu ná fram?*

Það er þrennt sem mér finnst mikilvægt í kennslunni: Í fyrsta lagi reyni ég mitt besta til að vekja áhuga nemenda á námsefninu sem hvetur þá vonandi áfram í eigin þekkingarleit. Mér finnst að nám eigi að vera skemmtilegt og ég reyni því að benda á hvað mér finnst skemmtilegt í efnafræðinni og krydda stundum tímuna hjá mér með tilraunum og jafnvel einhverjum lögum. Í öðru lagi finnst mér mikilvægt að nemendur þjálfist með sér gagnrýna hugsun. Eftir að þeir ljúka námi vil ég að þeir geti haldið áfram að afla sér þekkingar og geti metið gæði og áreiðanleika nýrra upplýsinga. Internetið hefur að geyma margt og mikið en því miður er ekki allt satt sem þar er að finna og mér finnst því mikilvægt að nemendur gleypi ekki við hverju sem er heldur séu ávallt tilbúnir að endurskoða hlutina með gagnrýnu hugarfari. Síðast en ekki síst finnst mér mikilvægt að þeir geti tjáð sig um námsefnið á skýran og skilvirkan máta. Ný þekking gagnast takmarkað ef við getum ekki deilt henni á skilvirkan hátt með næstu kynslóðum og þannig haldið þekkingunni á lífi.

*Hver hefur verið þín helsta áskorun í starfi þetta haust?*

Helsta áskorunin enn sem komið er hefur verið að koma rannsóknarstarfinu af stað. Rannsóknaraðstaða Raunvísindastofnunar er þétt setin og öflugt starf sem er þar fyrir. Ef við eigum að geta viðhaldið öflugum rannsóknarstarfi þá er þörf á endurnýjuðu húsnæði með hágæða rannsóknaraðstöðu.

*Hversu vel fannst þér þú vera undirbúinn undir að taka að þér kennslu í HÍ?*

Ég var mjög lánsamur að hafa fengið leiðsögn frá topp kennurum þegar ég var að kenna sama námsefnið við Pomona College og ég er að kenna hér við HÍ. Mér fannst ég því vera tiltölulega vel undirbúinn undir að taka að mér kennslu við HÍ.

*Hefur þú sótt kennslufræðileg námskeið síðan þú varst ráðinn?*

Ég hef mikinn áhuga á að vera stöðugt að bæta mig í kennslunni og hef því reynt að sækja kennslufræðileg námskeið hér eftir því sem tími gefst til. Ég er í námskeiðinu „Inngangur að kennslufræði á háskólastigi“ og hef einnig sótt styttri námskeið, t.d. um vendikennslu og gerð kennsluáætlaða nuna fyrsta haustið mitt hér við skólann.

*Hafa þessi námskeið komið þér að gagni?*

Ég hef lært margt á þessum námskeiðum svo að ég tel þau hafa komið mér að gagni. Námskeiðin gefa mér líka margar spennandi hugmyndir um hluti sem mig langar að prófa við kennsluna í framtíðinni.

*Hvernig hefur þér gengið að finna upplýsingar um eitt og annað varðandi starfið?*

Misvel eftir því hvaða upplýsingum maður leitar að. Samstarfskennarar mínir í efnafræðinni hafa verið hjálpsamir að svara spurningum mínum, og faðir minn er prófessor við Lyfjafræðideildina svo að ég hef einnig lært margt af honum um hin og þessi atriði tengd starfinu.

*Hefur þú fengið mentor/leiðbeinanda sem nýr kennari?*

Ég hef óskað eftir mentor en hef ekki fengið enn sem komið er. Ég vonast þó eftir að það finnist mentor.

*Hvernig gengur þér að blanda saman vinnu við kennslu og rannsóknir?*

Ég kenndi lotubundinn kúrs fyrir læknanema núna í haust og þær 4-5 vikur sem það námskeið var í gangi gafst mjög takmarkaður tími til rannsókna. Síðan þá hef ég náð að vinna betur að rannsóknunum en það að blanda saman þessari vinnu reynist mér enn ákveðin áskorun og maður er að vinna í því að koma á góðu skipulagi og forgangsröðun varðandi hvernig maður nýtir tímann.

*Hvernig upplifir þú íslenska háskólamenningu í samanburði við þá bandarísku?*

Það eru aðallega tvö atriði sem ég persónulega upplifi mikinn mun á milli þeirra skóla sem ég vann við og HÍ. Annars vegar er það hvað varðar háskólasamfélagið. Í Bandaríkjunum var stór hluti daglegs lífs nátengdur háskólalífnum og samfélaginu. Flestir nemendur í grunnnámi bjuggu á háskólasvæðinu og þarna var því vinnan, félagslífið og jafnvel heimilið. Hér á Íslandi finnst mér vera auðveldara að skilja vinnuna eftir í vinnunni og stór hluti af mínu félagslífi er í félagsstarfi sem er ótengt háskólanum.

Hitt atriðið sem ég upplifi mun á tengist fjármálum skólanna. Ég var eiginlega ofdekraður í þeim háskólum sem ég vann við í Bandaríkjunum. Það mætti segja að peningar hafi aldrei verið vandamál fyrir skólana (Caltech og Pomona College) úti, en ég upplifi að hér þurfi maður að passa sig betur vegna niðurskurðar.

*Eitthvað að lokum? Framtíðarsýn?*

Maður er enn tiltölulega nýbyrjaður í starfinu svo að ég er bara spennur að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Maður einbeittir sér bara að því að standa sig vel í starfi og styðja vel við nemendurna, bæði í grunn- og framhaldsnáminu.

# Námskeið í þverfræðilegri samvinnu við Heilbrigðisvísindasvið

Inga Sif Ólafsdóttir, sérfræðilæknir í lyf- og lungnalækningum við LSH og lektor í samskiptafræði við Læknadeild HÍ, og Ólöf Guðný Geirsdóttir, dósent við Matvæla- og næringarfræðideild og verkefnastjóri RHLÖ

Vorið 2017 fór annar höfunda, Inga Sif, á vegum Læknadeildar á AURORA-fund um nýjungar í kennsluáferðum. Þar kynnti Lena Oxelmark, frá Sahlgrenska-háskólanum í Gautaborg, þverfræðilegan dag fyrir alla fyrsta árs nema í heilbrigðisvísindum. Megináhersla þessa þverfræðilega dags eru



Ólöf Guðný Geirsdóttir

mannréttindi og þverfræðileg samvinna. Í Gautaborg taka á milli 450–750 nemendur þátt í þessu verkefni á haust- og vor-misseri. Þátttaka í námskeiðinu er skylda fyrir alla nemendur í heilbrigðisvísindum. Nemendur fá sent lesefni, myndskaið og dæmi um vefpróf til að undirbúa sig fyrir daginn. Fyrir hádegi eru fyrirlestrar en síðdegis vinna nemendur að verkefnum í 20–24 manna hópum, þar sem blandað er saman nemum frá mismunandi sviðum heilbrigðisvísinda. Tveir leiðbeinendur eru fyrir hvern hóp. Þeir fá þjálfun í að stýra hópum og því umræðuefni sem fengist er við. Endurgjöf bæði nemenda og leiðbeinenda í Gautaborg hefur verið mjög jákvæð.

Störf í heilbrigðisvísindum eru fjölbreytt og spennandi, verkefnum innan þeirra fer fjölgandi og sífellt reynir meira á þverfræðilega samvinnu. Heilbrigðisstéttir geta sérhæft sig á ýmsum sviðum og fjölbreytt framhaldsnám er í boði hér á landi og erlendis. Heilbrigðisstéttir geta unnið við opinberar heilbrigðisstofnanir og í einkareknum fyrirtækjum, í skólakerfinu og víðar. Störf á sviði stjórnunar, stefnumörkunar og ákvarðana um fræðileg málefni eru einnig mikilvæg og geta til dæmis varðað lýðheilsu, nýsköpun innan heilbrigðisvísinda eða klíniska starfsemi. Í starfi heilbrigðisstarfsmanna hefur ráðgjöf til annarra heilbrigðisstarfsmanna ávallt haft og mun hafa mikilvægan sess. Í flóknum heimi þar sem leysa þarf fjölbætt vandamál vísinda, samfélags og sjúklunga er þverfræðileg samvinna nauðsynleg. Því er mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn samnýti krafta, vinni í hópum og teyimum þvert á fræðigreinar að sameiginlegum markmiðum með hagsmuni sjúklings og samfélags að leiðarljósi.

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands hefur ákveðið að hafa sameiginlega þverfræðilega þjálfun sem hefst með einum sameiginlegum degi á fyrsta ári þar sem meginumfjöllunarefnið er mannréttindi. Efni þessa dags verður fylgt eftir á 3.–4. námsári þar sem nemendur velja sér áhugasvið og vinna saman að úrlausn verkefna. AURORA-



Inga Sif Ólafsdóttir

ferðin var kveikjan að þessum fyrsta þverfræðilega degi 1. árs nemenda sem haldinn verður 5. janúar 2018 og hefur öflugur hópur unnið að skipulagningunni. Heilbrigðisvísindasviði finnst þetta vera kjörin leið til að fá nemendur af ólíkum sviðum heilbrigðisvísinda til að ræða málefni sem sameina þá og gera æfingar sem undirstrika mikilvægi þverfræðilegrar samvinnu. Um 300–350 nemendur taka þátt í fyrsta þverfræðilega deginum í byrjun nýs árs og er leiðbeinendabjálfun hafin og skipulagning í fullum gangi.

Í haust var verkefninu hleypt af stokkunum með námskeiði fyrir 3. árs nemendur úr flestum deildum heilbrigðisvísinda við Háskóla Íslands auk framhaldsnemenda frá einstökum deildum skólans. Um 120 nemendur tóku þátt í námskeiðinu og 18 kennarar komu að kennslu og leiðsögn. Markmið námskeiðsins er að nemendur á Heilbrigðisvísindasviði vinni saman að sameiginlegu verkefni sem tengist klínískri vinnu, nýsköpun eða lýðheilsu. Þetta er gert með því að nemendur vinna í þverfræðilegum teyimum að einu verkefni í sex vikur þar sem þeir fá tækifæri til að þroska teymisvinnu og efla samskipti þvert á faggreinar undir handleiðslu leiðbeinenda. Í upphafi er hugmyndafræði þverfræðilegrar samvinnu kynnt og farið yfir hvað einkennir sterk eða veik teymi sérfræðinga á þessu sviði. Eftir sex vikur kynna nemendur verkefni sín í málstofum. Verkefnin eru alfarið í höndum nemenda og hlutverk leiðbeinenda er að tryggja þverfræðilega samvinnu innan hópsins. Í þverfræðilegri samvinnu eru samlegðaráhrif hópsins mikilvægari við lausn verkefna en sérhæfing hvers og eins. Með því að innleiða samvinnu í heilbrigðisvísindum og



### Frá vinnustofu leiðbeinenda

(Mynd EBE)

kenna hvernig slíkt verklag eykur árangur er líklegra að sérfræðingar innan heilbrigðisvísinda tileinki sér samvinnu og teymisvinnu í framtíðinni. Hæfniviðmið fyrir þverfræðilegt námskeið á 3. ári eru að í lok þess geti nemendur:

- Útskýrt hugmyndafræði og aðferðir þverfræðilegrar teymisvinnu
- Komið auga á árangursrík samskipti í þverfræðilegri teymisvinnu

- Sýnt fagmennsku í samskiptum við samnemendur og leiðbeinanda
- Útskýrt hvernig samvinna og samskipti heilbrigðisstétta gagnast í vinnu, hvort sem um er að ræða skjólstæðing eða samfélagið

## Kennslunefnd Félagsvísindasviðs

*Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild og fráfarandi formaður kennslunefndar Félagsvísindasviðs.*

Í kennslunefnd Félagsvísindasviðs sitja fulltrúar allra deilda á sviðinu, auk nemendafulltrúa. Með nefndinni starfar kennslustjóri sviðsins. Nefndin starfar á grundvelli kennslustefnu og á síðasta skólaári voru nokkur megin viðfangsefni sérstaklega tekin fyrir. Þau voru m.a. að auka gæði í leiðsögn lokaritgerða. Á gagnlegu námskeiði, þar sem reyndir leiðbeinendur sögðu frá verklagi sínu, kviknaði hugmynd um að þróa handbók um leiðsögn. Það verkefni hlaut styrk úr Kennslumálasjóði og verður handbókin unnin á skólaárinu 2017-2018. Þá var mikil umræða um upptökur í tímum, sem nemendur þrýsta mjög á. Fulltrúar í nefndinni bentu á að tímasókn hefði dalað mjög og æskilegt væri að gera úttekt á því hvort tengsl væru á milli þess og aukinnar notkunar á upptökum. Loks komu upp hugmyndir um það að draga betur fram góða kennslu með því að fjölga viðurkenningum fyrir hana. Kennsluverðlaun skapa tækifæri til að eiga samtál við nemendur um það hvað einkennir góða kennslu og á því að ræða við sviðsráð um útfærslu á slíkum verðlaunum. Loks vann kennslunefndin að uppfærslu á



**Silja Bára Ómarsdóttir**

kennslustefnu sviðsins, og lagði fram tillögu að stuttri og skýrri stefnu, með vel afmörkuðum verkefnum og ábyrgð.

Umtalsvert starf tengt kennslumálum fer einnig fram víðar á sviðinu, m.a. hvað varðar fjarnám og kennslu á ensku. Starfsfólk sviðsins sótti um fjölda styrkja í Kennslumálasjóð og nokkrir starfsmenn stunduðu nám í háskólakennslufræðum. Á sviðinu var í annað sinn boðið upp á fjölmennt námskeið fyrir aðstoðarkennara, en þar var m.a. farið yfir það hvað einkennir góðan aðstoðarkennara, vinnubrögð, samskipti og ábyrgð gagnvart nemendum og kennurum. Þá er lögð áhersla á samþættingu kennslu og rannsókna, m.a. með því að kennarar á sviðinu sækja um styrki í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Á sviðinu er unnið markvisst að því að sporna gegn brottfalli, m.a. með reglulegum fundum með nemendafélögum, stóru verkefni um tengslanet nemenda sem unnið er með VoN, ráðgjöf um námsframvindu og eftirfylgni í námi, og nýju starfsþróunarnámskeiði sem beinist að nemendum á lokamisseri.

# Hvernig má túlka niðurstöður kennslukönnunar um vinnuálag nemenda?

Edda R. H. Waage, lektor í land- og ferðamálafræði

Greininni er fjallað um vinnuálag nemenda í háskólanámi, þá sérstaklega um tvíþætta merkingu hugtaksins og það hvernig, og að hve miklu leyti, kennarar við Háskóla Íslands geta nýtt sér niðurstöður kennslukönnunar til að stýra vinnuálagi nemenda sinna í námskeiðum. Umfjöllunin er angi af stærri rannsókn (Edda R. H. Waage og Guðrún Geirsdóttir, 2017) sem var liður í diplómanámi höfundar í kennslufræði háskóla.

Vinnuálag er einn þeirra sex þátta kennslukönnunar sem nemendur við Háskóla Íslands eru beðnir um að meta í lok misseris fyrir þau námskeið sem þeir taka. Mat á vinnuálagi er fengið í gegnum þrjár fullyrðingar sem nemendur eru beðnir um að taka afstöðu til. Þær eru:

1. Í samanburði við önnur námskeið í HÍ er þetta námskeið þungt.
2. Í samanburði við önnur námskeið í HÍ er vinnuálag í þessu námskeiði mikið.
3. Námskeiðið er krefjandi.

Nemendur hafa fimm svarmöguleika: Mjög sammála, sammála, hlutlaus, ósammála, mjög ósammála, þar sem hver svarmöguleiki hefur sitt tölugildi; mjög sammála gefur 5 stig, en mjög ósammála gefur 1 stig. Byggt á svörum nemenda er reiknað meðaltalsgildi fyrir hverja og eina fullyrðingu, en fyrir þáttinn vinnuálag er reiknað meðaltalsgildi allra þessara þriggja fullyrðinga til samans. Til samanburðar hefur kennari svo upplýsingar um sambærileg meðaltalsgildi samanlagðra allra námskeiða viðkomandi deildar annars vegar, og fræðasviðs hins vegar, og getur þannig borið niðurstöður fyrir sitt námskeið saman við stærri heildir. Þessi meðaltalsgildi eru einu niðurstöðurnar sem kennari hefur aðgang að.

Tilgangur kennslukönnunar er að bæta kennslu og námskeið og því skiptir máli að kennari geti túlkað niðurstöðurnar á réttan hátt, eigi þær að nýtast. En hvernig ber þá að túlka þær? Skiptir máli í því samhengi að í fyrstu tveimur fullyrðingunum eru nemendur beðnir um að meta námskeiðið út frá samanburði við önnur námskeið?

Tökum dæmi: Hvað ef vinnuálag í tilteknu námskeiði er að meðaltali metið upp á 4,59, og að meðaltalsgildi vinnuálags í öllum námskeiðum deildar sé 3,75, sem sagt talsvert lægra. Er það gott eða slæmt? Er gott að nemendur meti vinnuálag

þessa námskeiðs meira heldur en gengur og gerist í öðrum námskeiðum sem þeir sækja? Eða væri betra að meðaltalsgildið væri lægra? Væri þá betra ef það væri nálægt miðju, þ.e. 3, eða væri betra ef það væri nær meðaltalsgildi deildarinnar?

Þýðir þetta að nemendur þessa námskeiðs þurfi


að verja meiri tíma í námskeiðið heldur en almennt gerist í námskeiðum deildarinnar, eða er þetta til merkis um eitthvað annað? Hvað felst annars í þessu hugtaki, vinnuálag?

Mörgum er tamt að hugsa um vinnuálag í námi sem ígildi þess tíma sem nemandi þarf að verja í námið, enda kannski ekki furða, þar sem fyrir liggja opinber viðmið þar að lútandi. Hver ECTS-eining ætti þannig að jafngilda 25-30 klst. vinnuframlagi af hálfu nemanda. Af þessu leiðir að einingafjöldi námskeiða gefur sjálfkrafa til kynna hversu miklum tíma gert er ráð fyrir að hver nemandi verji í hvert og eitt námskeið. Það er þó ólíklegt að þetta sé það viðmið sem nemendur hafa í huga þegar þeir svara kennslukönnun. Þessa ályktun byggir ég annars vegar á því að það er mjög snúið að leggja mat, undir lok misseris, á magn þess tíma sem varið var í eitthvert tiltekið námskeið á misserinu í heild sinni. Hins vegar vegna þess að vinnuálag vísar ekki aðeins til mælanlegra þátta, eins og tíma, heldur jafnframt og ekki síður til huglægra þátta sem bæði lýsa og móta upplifun nemandans af vinnuframlaginu sem slíku og ekki aðeins vinnuframlaginu, heldur líka náminu almennt (Kember, 2004). Skoðum þetta nánar:

Kannast þú, lesandi góður, við að hafa sökkt þér svo ofan í eitthvert verkefni sem var svo áhugavert og spennandi að þú gleymdir bæði stað og stund? Gerðir þér litla grein fyrir hvernig tímanum leið, eyddir jafnvel meiri tíma í verkið en gert var ráð fyrir en fannst það ekkert tiltökumál, í ljósi þess að það var svo gefandi? Upplifun af vinnu við slíkt verk gæti gefið til kynna að vinnuframlagið hafi verið minna en raun bar vitni.



Edda R. H. Waage



**Mynd 1 – Vinnuálag: Samband vinnuframlags og upplifunar**


Að sama skapi, kannastu við að hafa þurft að vinna verkefni sem virtist aldrei ætla að taka enda? Kannski vegna þess að það var svo erfitt, eða leiðinlegt, eða kannski vegna þess að þú hafðir einfaldlega öðrum hnöppum að hneppa? Upplifun af vinnu við slíkt verkefni gæti gefið til kynna að vinnuframlagið hafi verið meira en raun bar vitni.

Þessum tveimur einföldu dæmum er ætlað að leiða í ljós það ósamræmi sem getur verið á milli raunverulegs vinnuframlags og upplifunar (Mynd 1). Þegar nemandi svarar fullyrðingum kennslukönnunar um vinnuálag endurspeglar svarið ekki eingöngu vinnuframlagið, heldur jafnframt og ekki síður þá upplifun sem fólgin er í vinnuálaginu. Sú upplifun stýrist ekki aðeins af áhuga eða áhugaleysi, eins og dæmin hér að ofan gætu gefið til kynna, heldur af ýmsum öðrum þáttum sem varða námsumhverfið, námsefnið, eða nemandann sjálfan sem persónu (Kyndt, Berghmans, Dochy og Bulckens, 2014). Hér má nefna þætti eins og skipulag námskeiða, kennsluhætti, námsmat, tengsl nemanda við samnemendur, tengsl nemanda við kennara, áður tilkomna þekkingu og færni, erfiðleikastig námsefnis, áhuga á námsefninu, náms-tækni nemanda, fjölskylduáðstæður nemanda, launaða vinnu nemanda o.fl.

Ef horft er til þess tíma sem liggur að baki hverrar ECTS-einingar kemur í ljós að nemandi í fullu námi ætti á einu misseri að verja 750–900 klst. í nám sitt. Ef miðað er við að hvert misseri telji 16 vikur, að prófatíma meðtöldum, ætti hver nemandi að verja ca. 47–56 klst. á viku í nám sitt. Ef þeim tíma er deilt niður á sjö daga vikunnar þá er niðurstaðan 6,7–8 klst. á dag. Til einföldunar má því segja að samkvæmt Bologna-ferlinu sé gert ráð fyrir að hver nemandi eyði allt að þriðjungi hvers sólarhrings í nám sitt. Hinir tveir þriðju hlutar sólarhringsins standa þá eftir til að sinna hvíld og einkalífi (Mynd 2a).

Hér að framan benti ég á það ósamræmi sem getur verið milli vinnuframlags og upplifunar og getur leitt til þess að nemandi metur vinnuálag sitt ýmist meira eða minna en

vinnuframlagið segir til um. Upplifun af miklu vinnuálagi getur þó líka stafað af því að þessi tímahlutföll milli náms og einkalífs raskast. Sem dæmi, ef gerðar eru það miklar kröfur til nemanda í námi að þessi þriðjungur sólarhringsins dugir ekki til að standa undir þeim og námið gengur á tíma hvíldar og einkalífs, þá er líklegt að nemandi upplifi mikið vinnuálag, í samræmi við mikið vinnuframlag (Mynd 2b). Að sama



**Mynd 2 – Samband vinnuálags við hvíld og einkalíf**

skapi geta þessi tímahlutföll raskast á hinn veginn, þannig að tími til náms sé skertur vegna umfangs hvíldar og einkalífs. Ef nemandi á sér tímafrekt áhugamál, er með stóra fjöl- skyldu, eða er jafnvel í launaðri vinnu með skóla, þá er líklegt að nemandi upplifi mikið vinnuálag í námi sínu, jafnvel þótt hann verji í raun minni tíma í námið en gert er ráð fyrir, eða kannski einmitt þess vegna (Mynd 2c).

Sem sagt, það er að mörgu að hyggja þegar rýnt er í niður- stöður kennslukönnunar um vinnuálag. Hátt meðaltalsgildi felur ekki endilega í sér áfellsdóm þess efnis að vinnuframlag nemanda sé meira en teljast má eðlilegt. Reyndar innihalda niðurstöður kennslukönnunar engar þær upplýsingar sem geta stutt slíka ályktun. Fjölmarginnað getur komið til sem mótar upplifun nemandans af vinnuálaginu. Suma þessa þætti, þá sérstaklega þá sem lúta að námsumhverfinu og námsefninu, getur kennari unnið með til að móta upplifun nemenda af vinnuálaginu; til dæmis hugað að skipulagi nám- skeiðs, kennsluháttum, námsmati, tengslum við nemendur, áhugasviði nemenda o.fl. Aðrar niðurstöður kennslukönnunar

geta mögulega varpað ljósi á stöðu þessara þátta. Þættir sem tengjast einkalífi nemanda eru aftur á móti utan þess sviðs sem kennari getur haft áhrif á.

Til að kennari geti nýtt niðurstöður kennslukönnunar um vinnuálag til að bæta eigin kennslu og námskeið, enn betur og með markvissari hætti en hér er lýst, þyrftu upplýsingar um vinnuframlag nemenda í námskeiði jafnframt að liggja fyrir.

### Heimildir:

- Edda R.H. Waage & Guðrún Geirsdóttir. (2017). *The becomings of student workload in higher education*. Handrit í vinnslu.
- Kember, D. (2004). *Interpreting student workload and the factors which shape students' perception of their workload*. *Studies in Higher Education*, 29(2), 165-184.
- Kyndt, E., Berghmans, I., Dochy, F. og Bulckens, L. (2014). 'Time is not enough.' Workload in higher education: A student perspective. *Higher Education Research & Development*, 33(4), 684-698.

## Kennslunefnd Verk- og náttúruvísindasviðs

Anna Helga Jónsdóttir, aðjunkt við Raunvísindadeild og formaður kennslunefndar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.



**Kennslunefnd VoN veturinn 2016-2017, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Sigdís Ágústsdóttir, Hreggviður Norðdahl, Júlía Arnardóttir, Anna Helga Jónsdóttir, Guðrún Helga Agnarsdóttir, Halldór Pálsson og Anna Soffía Hauksdóttir. Á myndina vantar Eddu Waage, Einar Örn Sveinbjörnsson og Jukka Heinonen.**

Kennslunefnd Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (VoN) veturinn 2016–2017 skipuðu Júlía Arnardóttir (fulltrúi nemenda), Halldór Pálsson (IVT), Hreggviður Norðdahl (JVD), Edda Waage (LUD), Anna Soffía Hauksdóttir (RTV), Einar Örn Sveinbjörnsson (RVD), Jukka Heinonen/Guðmundur Freyr Úlfarsson (UB) og Anna Helga Jónsdóttir (VoN). Guðrún Helga Agnarsdóttir og Sigdís Ágústsdóttir voru starfsmenn nefndarinnar.

Nefndin hittist þriðju hverja viku og ræddi um ýmis mál sem brunnu á nefndarmönnum tengd námi og kennslu auk erinda sem nefndinni bárust frá stjórn sviðsins, deildum þess eða einstaka kennurum. Stjórn VoN fól kennslunefndinni t.d. að fjalla um inn-

tökuskilyrði í deildir sviðsins en fjölbreytt nám er í boði á sviðinu sem krefst mismunandi bakgrunns nemenda.

Nefndin vann að tveimur spennandi verkefnum sem vonandi koma til með að auka gæði náms á sviðinu. Fyrra verkefnið snýr að kennsluáætlanum en það seinna að vinnuálagi nemenda. Hér að neðan er stuttlega sagt frá þessum verkefnum.

Kennsluáætlanir hafa oft borið á góma í störfum kennslunefndar VoN og ákvað nefndin að ráðast í verkefni til að samræma útlit kennsluáætlananna, samræma upplýsingar úr kennsluskrá, auðvelda kennurum gerð kennsluáætlananna, stuðla að námsmiðaðri sýn og síðast en ekki síst að útbúa yfirlit yfir skiladaga stærri verkefna og misserisprófa. Leiðsagnarmat hefur færst í aukana við Háskóla Íslands og því ber að fagna. Það verður þó að gæta þess að vinnuálag nemenda dreifist jafnt og þétt yfir misserið. Ná þetta verkefni fram að ganga munu kennarar geta séð í Uglu hvenær álagspunktar nemenda í námskeiðum sem þeir kenna eru og geta þá hagað verkefnaskilum yfir misserið eftir því. Verkefnið vatt fljótt upp á sig og hafa ýmsir aðilar komið að því (Kennslumiðstöð, Kennslusvið, Reiknistofnun og fleiri).

Kennslunefnd VoN fékk styrk úr Kennslumálasjóði 2016 til að rannsaka vinnuálag nemenda á sviðinu. Lítið er vitað um raunverulegt vinnuframlag nemenda við Háskóla Íslands en sögusagnir lifa góðu lífi um að lítil samsvörun sé milli vinnuálags og fjölda eininga (ECTS) einstakra námskeiða. Til að rannsaka þetta verða nemendur beðnir um að fylla inn í þar til gerðan hugbúnað hversu mikla og hvers konar vinnu þeir inna af hendi í námskeiðum sem þeir eru skráðir í. Að auki verða nemendur valdir til þátttöku í rýnihópavíðtölum. Prófanir á hugbúnaðinum sem notast verður við standa yfir og verður rannsóknin sjálf framkvæmd á vormisseri 2018.



# Skólastofa 21. aldarinnar

Létt og færanleg húsgögn styðja fjölbreytta kennsluhætti

Í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð hefur nú verið komið upp tilraunakennslustofu þar sem kennarar og nemendur geta gert tilraunir með fjölbreytta kennsluhætti í óhefðbundnu námsumhverfi. Húsgögn eru létt og auðvelt að færa þau til, stórir snertiskjáir leysa skjávarpa af hólmi og ýmis annar búnaður er í stofunni fyrir nemendur og kennara til að prófa nýjar leiðir. Tilraunakennslustofunni er ætlað að veita meiri sveigjanleika en hefðbundin skólastofa, rúma margvíslega uppröðun húsgagna og fjölbreyttari vinnubrögð nemenda sem geta stutt kennarann sem verkstjórnanda við mótun æskilegra aðstæðna til náms. Í þessu umhverfi verður auðveldara fyrir kennarann að vera ekki miðlægur í því sem fer fram eins og hefðbundin uppsetning kennslustofu kallar oft á þar sem nemendur snúa andliti að kennara sem er staðsettur fremst í stofunni.

Tilurð skólastofunnar, sem kennd hefur verið við 21. öldina, byggir á hugmyndum um kennsluhætti framtíðarinnar og hvers konar umhverfi, skipulag, tæki og búnað megi skapa utan um þá kennslu. Einnig styður stofan þá viðleitni Menntavísindasviðs að vera fyrirmynd annarra skólastiga þegar kemur að kennsluháttum auk þess sem sviðið vill



Anna Kristín Sigurðardóttir og Áslaug Björk Eggertsdóttir voru leiðandi við skipulag stofunnar (Mynd IE)

gjarna taka að sér að vera í forystu innan Háskóla Íslands við þróun kennsluhátta. Áhugavert verður að sjá hvort og hvernig þessi nýjung mun hafa áhrif kennslu og nám á komandi misserum.



Í tilraunakennslustofunni er góð aðstaða fyrir tilraunir með fjölbreytta kennsluhætti í óhefðbundnu námsumhverfi (Mynd ÁBE)

# Háskóli Íslands gerist aðili að edX

Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri Menntamiðju



Frá flugtaki edX 17. nóvember 2017



Tryggvi Thayer

Í nóvember síðastliðnum gekk Háskóli Íslands til samstarfs við edX, samstarfsnet háskóla og annarra menntastofnana um gerð, miðlun og þróun opinna netnámskeiða (e. MOOC – Massive Open Online Courses). EdX var stofnað af MIT og Harvard árið 2012 með það að markmiði að auka aðgengi að námi og bæta háskóla-

kennslu með því að hvetja til þróunar nýrra kennsluhátta og auka notkun upplýsingatækni. Í edX-samfélaginu eru nú margir af fremstu háskólum heims og er edX orðinn einn veglegasti og þekktasti námskeiðsvefurinn. Í þessari grein verður fjallað nánar um tilurð edX, markmið verkefnisins og hvaða þýðingu aðild HÍ hefur fyrir skólann og háskólanám á Íslandi.

Tilurð edX á sér nokkurn aðdraganda sem segja má að hafi hafist um síðustu aldamót með verkefninu Open Courseware hjá MIT, sem felst í að allt efni tengt tilteknum námskeiðum er gert aðgengilegt ókeypis á netinu. Hver sem vill má nota námsefnið til eigin náms eða jafnvel sem fyrirmynd við gerð námskeiða fyrir aðra háskóla. EdX varð til þegar þegar nokkrir kennarar við MIT og Harvard-háskóla ákváðu að láta ekki nægja að miðla námsefni á netinu, heldur að gera úr efninu skipulagt námskeið sem færi alfarið fram á netinu. Úr varð námskeið um rafrásir og rafmagnsfræði sem um 155.000 manns frá 162 löndum tóku þátt. Sú þátttaka toppaði verulega þá 2.200 sem tóku þátt í námskeiði sem Kandamennirnir George Siemens og Stephen Downes kenndu árið 2008 og er oft sagt vera fyrsta opna netnámskeiðið.

Open Courseware og edX byggja að mestu á svipuðum markmiðum en þó með ólíkum áherslum. Helstu markmiðin eru:

- að auka aðgengi að þekkingu og reynslu sem háskólar búa yfir,
- að þróa nýjar kennsluáferðir og leiðir til að miðla þekkingu í samræmi við þarfir 21. aldar,
- og að hvetja háskóla fólk til að nýta betur nýjustu upplýsingatækni í kennslu.

Með edX hefur megináherslan færst frá einfaldri miðlun rafhæna gagna, sem einkennir Open Courseware, til kennslu-hlutverks háskóla og nauðsynjar þess að þróa kennsluáferðir sem eru í takti við þarfir nemenda og samfélag nútímans og framtíðarinnar. Á námskeiðsvef edX er að finna fjölmörg dæmi um árangurinn af starfinu þar sem upplýsingatækni hefur verið notuð til að brydda upp á nýjungum sem auðga mjög námið. Til dæmis má nefna námskeið École polytechnique fédérale de Lausanne um vökvastöðufræði þar sem nemendur gátu tekið virkan þátt í tilraun sem fór fram í tilraunastofu kennaranna í Lausanne. Nemendur gátu notað hugbúnað sem var aðgengilegur í netnámsumhverfinu til að breyta gildum sem höfðu bein áhrif á aðstæður í tilraunastofunni í Lausanne og séð afleiðingar breytinganna. Curtin-háskólinn í Ástralíu hefur einnig farið áhugaverðar leiðir í netnámskeiði um samfélagsmiðla og markaðssetningu þar sem miðlarnir Facebook, Twitter og Google+ eru notaðir samhliða námskeiðsvefnum til að skapa bein tengsl milli námsumhverfisins og viðfangsefnisins. Dæmi eins og þessi sýna hversu frjór vettvangur til að fara nýjar leiðir í námi og kennslu getur skapast með opnum netnámskeiðum.

Ávinningur Háskóla Íslands af edX-áðild er margþættur. Háskólinn er nú kominn í öflugt alþjóðlegt samstarfsnet sem er í fararbroddi í þróun háskólanáms. Innan edX og samfélagsins sem þar hefur skapast safnast saman mikil þekking og reynsla um kennsluáðferðir, gerð stafræns námsefnis og notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, sem starfsfólk Háskólans fær greiðan aðgang að. Einnig nýtist edX-áðildin til að kynna fræðastörf Háskólans á alþjóðlegum vettvangi og sérstöðu hans á tilteknum sviðum og má vel greina göt í námskeiðsflórunni sem Háskóli Íslands getur fyllt, t.d. á sviði jöklafræði, jarðvísinda, norrænna fræða, sjávarlíffræði, erfðafræði og margt fleira.

Í nóvember, um leið og áðild Háskólans að edX var kynnt, var opnað fyrir skráningar á fyrsta opna netnámskeið UícelandX, sem er heiti edX-verkefnis Háskóla Íslands. Námskeiðið heitir Medieval Icelandic Sagas og byggir á alþjóðlegu meistaranámi í íslenskum miðaldafræðum, sem hefur verið í boði á Hugvísindasviði um árabíl. Námskeiðið er skipulagt og kennt af Hjálta Snæ Ægissyni, doktorsnema á Hugvísindasviði og nýtur hann stuðnings samkennara og sérfræðingateymis sem

hefur verið myndað og í er starfsfólk Kennslumiðstöðvar og Menntavísindasviðs sem hefur þekkingu og reynslu sem nýtist í verkið. Í námskeiðinu er lögð áhersla á fræðilega sérstöðu Háskóla Íslands á þessu sviði og nálægð Íslands nútímans við Íslendingasögurnar og er því töluvert af námsefni sem byggir á vettvangsheimsóknnum á sögulega staði. Gert er ráð fyrir að námskeiðið hefjist í mars á næsta ári.

Gert er ráð fyrir að í lok þriggja ára innleiðingartímabils muni Háskóli Íslands bjóða upp á minnst fjögur opin netnámskeið á ári á námsvef edX, en þau mega vera fleiri ef vel gengur. Á næstunni verður kallað eftir tillögum að nýjum námskeiðum sem verður boðið upp á í gegnum edX en margir hafa þegar lýst áhuga á að próa slík námskeið. Það er því ljóst að með edX-áðild Háskólans gefst tækifæri til að skapa og miðla þekkingu, reynslu og hugmyndaauðgi um kennsluáðferðir og notkun upplýsingatækni sem nýtast mun öllu háskólasamfélaginu.

Tengill á vefsíðu HÍ hjá edX: <https://www.edx.org/school/uicelandx> og tengill á frekari upplýsingar um edX og HÍ: <https://www.hi.is/edx>

## Kennslunefnd Menntavísindasviðs

*Hróbjartur Árnason, lektor við Uppeldis og menntunarfræðideild og formaður Kennslunefndar Menntavísindasviðs*



**Kennslunefnd MSV. Hróbjartur Árnason, Ágúst Arnar Þráinsson, Karen Rut Gísladóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Örn Ólafsson og Ásdís Hrefna Haraldsdóttir.**

Í Kennslunefnd Menntavísindasviðs sitja fulltrúar þriggja deilda: Kennaradeildar, Þróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar og Uppeldis- og menntunarfræðideildar. Nú sitja í nefndinni Jón Yngvi Jóhannsson, Karen Rut Gísladóttir, Örn Ólafsson, Ásdís Hrefna Haraldsdóttir, Ágúst Arnar Þráinsson (fulltrúi nemenda) og Hróbjartur Árnason (formaður).

Kennslunefnd fjallar um málefni sem tengjast kennslu á sviðinu og við háskólann allan, sum eru venjubundin eins og útnefning kennara til viðurkenningar rektors fyrir kennslu, úrvinnsla umsókna í Kennslumálasjóð og verkefni sem tengjast stefnu og úrlausnarmálum og snerta háskólann sem heild.

Sérstök verkefni sem kennslunefnd vann að á skólaárinu 2016–17 og vert er að draga sérstaklega fram voru undirbúningur að nýrri stefnu Menntavísindasviðs um nám og kennslu, örmenntabúðir og umsókn í Kennslumálasjóð vegna þróunar fjarnáms við sviðið.

Örmenntabúðir voru stuttir fundir þar sem kennarar við sviðið deildu reynslu sinni og áðferðum og spjölluðu óformlega við samkennara sína um afmarkaða þætti kennslunnar. Í nokkur ár hefur kennslunefnd boðið upp á óformlega hádegisfundir þar sem kennarar hafa gert kennslu sína að umræðuefni með stuttum kynningum og umræðum. Í þetta sinn ákváð kennslunefnd að leika sér með formið og styðjast við form svokallaðra menntabúða þar sem nokkrir kennarar bjóða til umræðna í einu og þátttakendur ganga á milli þeirra sem bjóða upp á umræðuefni eða kynningu. Þannig verða lífflegar umræður í litlum hópum, fleiri komast að í umræðunni og þátttakendur ná að kafa aðeins dýpra í einstök efni. Þessi áðferð reyndist skemmtileg, gáfu umræðurnar kennurum gott tækifæri til að viðra tilraunir sínar í kennslu við kollega og þátttakendur gátu spurt og prófað að máta hugmyndir við eigin kennslu.

Kennslunefndin fékk þar að auki í hendurnar áhugavert verkefni á síðasta skólaári: Nefndinni var falið að sækja um styrk í A-hluta kennslumálasjóðs. Allar deildir sviðsins ákváðu að sækja saman um styrk til að próa fjarnámið áfram til að mæta nýjum og breyttum aðstæðum, bæði í tækni, aðstæðum við háskólann og ekki síst hjá nemendum sviðsins. Áhrifaþættir, eins og stöðugt aðgengi að upplýsingum, náms- og kennsluefni á vefnum, möguleikar námsmanna á að taka þátt í umræðum og atburðum óháð stað og tíma, vaxandi þörf nemenda fyrir aukinn sveigjanleika í námi og sókn fólks í starfi í háskólann vegna starfsþróunar, kalla á nýsköpun í kennslumálum. Kennslunefnd notaði drjúgan hluta vormisseris til að skrifa umsókn að verkefni þar sem markmiðið er að greina stöðuna og vinna á lýðræðislegan og skapandi hátt með nemendum, kennurum og starfsfólki að þróun nýrra leiða við nám og kennslu við sviðið, einkum í fjarkennslu. Umsóknin fékk brautargengi og er verkefnið í fullum gangi nú á haustmánuðum 2017.

# Endurgjöf í Moodle - Umfaðmaðu tæknina

Kristbjörg Olsen verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ



Kristbjörg Olsen

**M**oodle er námsumsjónarkerfi sem kennurum Háskóla Íslands gefst kostur á að nota fyrir námskeið í stað kennsluvefs Uglu eða samhliða honum. Á ensku nefnist Moodle LMS sem stendur fyrir „learning management system“. Orðið Moodle stendur fyrir „modular object-oriented dynamic learning environment“.

Moodle býður upp á margar gerðir verkfæra sem kennari getur notað í námskeiði, þ.á.m. fjölbreyttar leiðir til endurgjafar. Endurgjöf í Moodle styður við skilvirkni í námi með nákvæmri framsetningu og skýrleika. Hér fylgir samantekt á nokkru af því sem í boði er og tengist endurgjöf.

Nákvæm stað- og tímasetning endurgjafar styður við nám. Endurgjöf sem gefin er á meðan námsefnið er enn ferskt í huga nemanda skilar meiri árangri en þegar önnur viðfangsefni hafa tekið við. Þau þrjú verkfæri sem mest eru notuð í Moodle bjóða öll upp á öflugar leiðir til endurgjafar, þ.e. skilaverkefni, Turnitin og próf. Í ritunarverkefnum (skilaverkefni og Turnitin) getur kennari gefið nemanda tækifæri til að bregðast við endurgjöfinni með því að endurbæta verk sitt. Próf má nota sem námstæki með virkri endurgjöf þó svo að samkvæmt hefðinni séu þau helst notuð til námsmats. Vinna við skráningu endurgjafar getur verið tímafrek en hluti þeirrar vinnu getur nýst kennara áfram næstu misseri s.s. einkunnarammar, einkunnavísar, endurgjöf sem fylgir prófspurningum og safn athugasemda fyrir ritunarverkefni.

Sjá nánar greinar um kennslufræðilegan þátt endurgjafar á vef Kennslumiðstöðvar (undir gögn) <https://kennslumidstod.hi.is/>.

Á bak við Moodle er virkt alþjóðlegt samfélag notenda. Til að vera þátttakandi í því er nauðsynlegt að skrá sig á aðalvef Moodle: [moodle.org](https://moodle.org). Þar er einnig að finna leiðbeiningar um kerfið sem eru uppfærðar m.v. mismunandi útgáfur af Moodle ([https://docs.moodle.org/33/en/Main\\_page](https://docs.moodle.org/33/en/Main_page)). Útgáfa Moodle í Háskóla Íslands nú er 3.3 (2017). Íslenskar leiðbeiningar um Moodle er t.d. að finna á [moodlehjalp.reykjavik.is](https://moodlehjalp.reykjavik.is)



Jóhann Malmquist prófessor hjá VoN kynnir moodle-síðu námskeiðs síns á Moodle-menntabúðum

(Mynd BFJ)

## Í Moodle getur kennari:

- skrifað athugasemdir inn í ritverk nemanda, nákvæmlega þar sem við á, rammað inn texta, áherslumerkt texta, undirstrikað, teiknað o.fl. Kennari getur einnig safnað athugasemdum og notað aftur og aftur.
- tekið upp talað mál beint inn í endurgjöf verkefnis eða með því að hlaða upp hljóðskrá.
- gefið nemanda leyfi til að endurbæta ritverk sitt og skila því aftur. Mögulegt er að endurtaka skil og endurgjöf eins oft og þörf krefur. Moodle heldur utan um útgáfur ritverksins í gegnum ferlið ásamt endurgjöf kennarans á hverjum tíma.
- sett upp einkunnaramma fyrir verkefni (matsrammi, e. rubric). Í einkunnaramma eru matsviðmið verkefnis skilgreind ásamt því hvað þarf til að ná tiltekinni einkunn fyrir hvert og eitt viðmið. Sú vinna sem fer í að setja upp einkunnaramma nýtist áfram því kennari getur notað hann aftur og aftur. Nemandi sér fyrirfram út frá hvaða forsendum verkefni hans er metið og fær greinargóða sundurliðun á styrkleikum og veikleikum ritverks.
- veitt nemanda aðgang að frumleikaskýrslu (e. originality report) sem birtir samsvörun í texta nemanda við texta á netinu og í gagnagrunnum, t.d. Skemmu. Sú endurgjöf sem felst í frumleikaskýrslu styður við nám í akademískum skrifum og heimildanotkun.
- skráð endurgjöf með prófspurningum og stjórnað því m.a. hvort nemandi fær endurgjöfina meðan á prófi stendur eða eftir að hann hefur skilað inn prófurlausn. Með því að skrá endurgjöf fyrir einstaka svarliði, t.d. ástæðu þess að svarliður er rangur og benda á lesefni, er stutt við nám. Prófspurningar ásamt endurgjöf eru varðveittar í spurningabanka námskeiðs. Öll vinnan nýtist því áfram.
- leyft nemanda að taka próf oft. Hafi kennari skráð endurgjöf fyrir spurningar og svarliði fær nemandi endurgjöf byggða á því hverju hann svarar í hvert skipti. Einnig er hægt að láta Moodle velja nýjar spurningar í prófið í hvert skipti sem það er tekið. Nemandi fær þá mismunandi endurgjöf eftir því hvaða spurningar hann fékk. Á þennan hátt er próf notað sem námstæki. Kennari stillir fyrirfram hvaða einkunn á að fara í einkunnabók námskeiðs, einkunn fyrir fyrstu próftilraun nemanda, þá síðustu, þá hæstu, eða meðaltal allra próftilrauna.
- notað jafningjamat og sjálfsmat í verkefnaskilum. Nemandi metur eigið verkefni ásamt verkefnum tiltekins fjölda samnemenda. Kennari setur upp matsviðmið í gátlista eða einkunnaramma (rubric) fyrir nemendur til að nota við matið og skilgreinir vægi hvers þáttar fyrir sig. Í uppsetningu velur kennari hve mörg verkefni hver nemandi á að meta, hvort notast á við hópa, hver þáttur mats á að gilda í einkunn á móti skilum o.fl.
- leyft nemendum að meta og skrá athugasemdir við innlegg í umræðu (jafningjamat). Í umræðu er boðið upp á einfalda stigagjöf (t.d. 0-10) eða tilbúinn einkunnaskala, t.d. lokið/ólukið, gagnlegt, ABCD. Kennari velur hvernig einkunnir fyrir innlegg nemanda reiknast saman, hvort notaðir eru hópar o.fl. Mögulegt er að nota jafningjamat á sambærilegan hátt í verkfærunum gagnagrunni og safni.
- deilt skilum nemenda til samkennara. Í stórum nemendahópum getur verið hentugt að skipta endurgjöf á milli samkennara, t.d. að kennari A veiti nemendum í hópi 1 endurgjöf, kennari B nemendum í hópi 2 o.s.frv.
- sett upp könnun til að fá endurgjöf frá nemendum t.d. varðandi námsefni, gestakennara, einstök próf eða verkefni og/eða námskeið í heild.

## Verkfæri í Moodle:

Skilaverkefni og Turnitin

Skilaverkefni og Turnitin

Skilaverkefni

Skilaverkefni og Turnitin

Turnitin

Próf

Próf

Verkstæði

Umræða, gagnagrunnur og safn

Skilaverkefni  
(use marking allocation í uppsetningu verkefnis)

Questionnaire eða Feedback

# Alþjóðlegt samstarf

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands hefur verið á faraldsfæti á árinu, sótt ráðstefnur og námskeið og verið í samstarfi við kennsluþróunarfólk víðs vegar um heiminn

## Að kenna á tölvuöld

**T**ransforming Higher Education: How we Teach in the Digital Age var yfirskrift vinnufundar (Peer Learning Activity) sem skipulagður var af tveimur vinnuhópum ET2020, þ.e. vinnuhópi um nútímavæðingu háskólakennslu og vinnuhópi um upplýsingatækni. Vinnufundurinn var haldinn á Möltu 18. og 19. janúar. Á fundinum ræddu fulltrúar 19 landa um stöðu upplýsingatækni á háskólastigi og hvernig nýta mætti slíka tækni til að efla kennsluhætti. Eftirfarandi niðurstöður voru settar fram í lok fundarins: a) Mikilvægt er að stjórnvöld setji fram skýra sýn og viðmið um upplýsingatækni; b) Hvatar og stuðningur við háskólastofnanir eru forsenda innleiðingar upplýsingatækni; c) Samtal og samstarf á milli háskólastofnana og stjórnvalda er mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun á sviði upplýsingatækni; d) Að efla hæfni háskólakennara og leiðtoga er lykilatriði og e) Leggja þarf meiri áherslu á að meta stöðu innleiðingar hverju sinni.

Vinnustofuna sóttu Auður Rán Þorgeirsdóttir, upplýsingafulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Guðrún Geirsdóttir frá Kennslumiðstöð HÍ.



Guðrún Geirsdóttir kynningu Kennslumiðstöð HÍ í Háskólanum í Tblisi (Mynd ÁBS)

## Háskólinn í Tblisi

Í febrúar héldu þær Ása Björk Stefánsdóttir og Guðrún Geirsdóttir af stað til að heimsækja Háskólann í Tblisi. Ferðin var hluti af tvíhliða samstarfsverkefni styrktu af Erasmus+ áætluninni. Samstarfsaðilar okkar þar, þær Izabela Petriashvili og Nino Chakhunashvili, hafa hug á að setja á laggirnar kennslumiðstöð og vildu heyra af okkar reynslu. Þær stóllur komu svo í vikuheimsókn til okkar í Kennslumiðstöð í maí þar sem þær héldu m.a. erindi um menntun í Georgíu og háskólann í Tblisi.

## Nordic-Baltic Network í Tromsø

Árlegur fundur Nordic-Baltic Network in Higher Education Development, samtaka um kennsluþróun á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum, var haldinn í The Arctic University í Tromsø í Noregi í mars sl. Fulltrúar 8 kennslumiðstöðva voru mættir til að ræða kennsluþróun á háskólastigi. Ása Björk Stefánsdóttir, Ásta Bryndís Schram, Elva Björg Einarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir voru fulltrúar Kennslumiðstöðvar HÍ á fundinum. Fundurinn er mikilvægur umræðugrundvöllur fyrir þá sem vinna að þróun kennslu á háskólastigi í þessum löndum. Meðal þess sem rætt var voru ferilmöppur í kennslu sem eru mikilvægar í starfsþróun kennara og framgangi á Norðurlöndum, t.d. í Svíþjóð og Noregi. Einnig var rætt um námskrágerð, rannsóknir í kennsluþróun, styrk- og sýnileika kennslumiðstöðva og kennslufræðinámskeið fyrir háskólakennara sem í sumum löndunum eru skylda (10–60 einingar). Þá var rætt um mikilvægi þess að nemendur bæru ábyrgð á námi sínu og að mikilvæg leið til þess væri að ræða um nám við nemendur. Í framhaldi af fundinum fundaði Kennslumiðstöðvarfólk með Marit Allern, prófessor við kennslumiðstöðina í The Arctic University í Tromsø, um ferilmöppur kennara sem verið er að innleiða við skólann samhliða innleiðingu mats- og framgangskerfis þar sem horft er til kennsluhæfni kennara.

## AURORA í Grenoble í Frakklandi

Aurora er samstarfsnet níu evrópskra háskóla sem stofnað var til í október 2016 (<https://www.hi.is/visindastarf/aurora>). Markmið samstarfsnetsins er að leita leiða til að efla samstarf á milli háskólanna. Við vorum fimm sem sóttum fyrstu Aurora-vinnustofuna um nýmæli í námi og kennslu sem haldin var við Háskólann í Grenoble dagana 3.–4. apríl, þ.e. Anna Helga Jónsdóttir, aðjúnkt og formaður kennslunefndar VoN; Ásta Bryndís Schram, kennsluþróunarstjóri HVS; Björn Guðbjörnsson, prófessor og formaður Kennslunefndar HVS og Guðrún Geirsdóttir, dósent og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar. Á fundinn mætti svo einnig Inga Sif Ólafsdóttir, lektor í Læknadeild. Dagskrá vinnustofunnar var að á fyrri degi kynntu fulltrúar háskólanna áhugaverð nýsköpunarverkefni í námi og kennslu innan eigin háskóla, verkefni sem mögulegt væri að bjóða fleirum til samstarfs um. Seinni deginum var verið í að mynda samstarfsteymi og ákveða stjórnun mögulegra samstarfsverkefna. Í kjölfarið hafa samstarfsaðilar deilt góðum hugmyndum og stofnað til frekara samstarfs af ýmsu tagi.



Hádegishlé á fundi Norræna og baltneskra kennsluþróa

(Mynd NN)

### edX í Boston

Rúnar Sigurðsson og Gústav K. Gústavsson fóru til Boston á árinu þar sem þeir lærðu um uppsetningar og viðhald á MOOC-námskeiðum eða „massive open online courses“ í tengslum við samstarf Háskóla Íslands og edX sem hleypt var af stokkunum 17. nóvember síðastliðinn. Sagt er frá því samstarfi í grein Tryggva Thyer „Háskóli Íslands gerist aðili að edX“.

### eTwinning á Spáni

Þrír starfsmenn Kennslumiðstöðvar, þau Anna Kristín Halldórsdóttir, Bjarndís Fjöla Jónsdóttir og Rúnar Sigurðsson, sóttu eTwinning námskeið í Barcelona á Spáni í sumar á vegum Erasmus+. Á námskeiðinu var farið yfir fjölda forrita sem notuð eru við kennslu. eTwinning er samfélag kennara og annarra sem koma að kennslumálum til að efla þekkingu á upplýsingatækni í kennslu.

### Heimsókn til háskólans í Bergen (UiB) 23.-25. október 2017

Í október heimsóttu Áslaug Helgadóttir gæðastjóri HÍ og Guðrún Geirsdóttir Háskólann í Bergen en hann er einn af níu háskólum í Aurora-samstarfsnetinu. Ferðin var farin með stuðningi Erasmus+ áætlunarinnar og var markmið hennar að fá upplýsingar um vinnu- og framgangskerfi akademískra starfsmanna, heimsækja BioCEED, sem er

öndvegissetur í kennslu líffræði við Náttúruvísindasvið (Det matematisk-naturvitenskapelige fakultet), og kynnast nýju framgangskerfi í kennslu (Excellent Teacher Practitioner – ETP). Ferðin var lærdómsrík. Gerð er stuttlega grein nýjum ákvæðum norskra stjórnvalda og framgangskerfi kennslu í grein Guðrúnar Geirsdóttur um „Viðmið um gæðakennslu“.

### Áskoranir í námskrágerð

Dagana 16. og 17. nóvember sóttu Ásta Bryndís Schram og Guðrún Geirsdóttir vinnufund (Peer Learning Activity) sem haldinn var á vegum VLOR (The Flemish Education Council) um áskoranir í námskrágerð og var hann styrktur var af Erasmus+ áætluninni. Ráðið er menntamálayfirvöldum í Belgíu til ráðgjafar og markmið þessa vinnufundar var að vinna að gerð minnisblaðs um námskrágerð þar sem hugað væri sérstaklega að þeirri almennu hæfni sem háskólanemar þurfa að búa yfir við námslok og fellur undir það að vera hæfni fyrir 21. öldina (21. century skills). Á fundinum var fjallað um námskrágerð í háskólum, hvernig háskólar geta eða eiga að koma til móts við samfélagslegar þarfir og hvernig tryggja megi að námskrágerð námsleiða taki líka til hæfni sem ekki fellur endilega undir námskrá fræðigreinar eins og sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og nýsköpun.



**Háskóli Íslands  
Kennslumiðstöð**

Aragötu 9, 101 Reykjavík  
Sími: 525 4447, netfang: kemst@hi.is  
[www.kemst.hi.is](http://www.kemst.hi.is)

ISSN 2298-9595